



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Gleðilega hátíð!



Miðvikudagur
22. desember 2010
51. tbl. · 27. árg.




Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Gómsætar
og girnilegar
PIZZUR
á góðu verði

Vesturslóð
Restaurant & Bar
Edinborgarhúsinu
Sími: 456 6620



Fall Rúnars

Í viðtali við BB ræðir Rúnar Þórisson,
gítarleikari, um árin með hljómsveitinni
Grafík, vinskapinn við Rafn Jónsson heit-
inn og hið frjálsa fall sem lífið er hjá okkur öllum.



750 KR.

OG EIMSKIP FLYTJANDI
KEMUR JÓLAPÖKKUNUM
TIL SKILA

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Vinnslu á mjólk hætt frá einum bæ í Engidal í Skutulsfirði

MS á Ísafirði hefur hætt vinnslu á mjólk frá einum bæ í Engidal í Skutulsfirði í öryggisskyni. Við sérstakar mælingar á vegum MS á Ísafirði sem gerðar voru á mjólkursýnum frá lögbýli í Skutulsfirði kom í ljós í mælingu á einu sýni þaðan að þrávirk aðskotaefni voru lítillega yfir viðmiðunarmörkum. Mjólkinn frá þessu lögbýli nemur um 3% af innvígtaðri mjólk á Ísafirði og því er talið nær útilokað að þessi efni hafi verið yfir leyfilegum mörkum í afurðum stöðvarinnar. Af öryggisástæðum var vinnsla

mjólkur frá framangreindum bæ stöðvuð og dreifing stöðvuð á afurðum sem rekja mátti þangað.

Heilbrigðisfyrvöldum og bæjaryfirvöldum á Ísafirði var gert viðvart um mæliniðurstöðuna. Bærinn sem hér um ræðir er nálægt sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal. Mælingar á þrávirkum efnum eru á hendi opinberra eftirlitsstofnana sem láta gera mælingarnar erlendis.

Á vegum Matvælastofnunar eru gerðar reglubundnar mælingar á efnum af þessu tagi í slembiúrtökum á bæjum þar sem mjólk

er framleidd. Í þeim mælingum hafa mæligildi alltaf verið langt undir viðmiðunarmörkum. Mjólkursamsalan telur því að þessi aðskotaefni séu bundin við þennan eina bæ.

Aðgerðir MS eru fyrst og fremst í öryggisskyni. Útþynning mjólkur frá þessum tiltekna bæ er slík í framleiðslunni að útilokað er talið að efnamengun hafi verið nálægt viðmiðunarmörkum í nokkrum framleiðsluvörum á

Ísafirði. Mjólkurvinnslustöðin á Ísafirði framleiðir eingöngu neyslujólk og rjóma fyrir heimasvæðið á Vestfjörðum.

Mjólkursamsalan gerir á hverjum degi ítarlegar efnamælingar á mjólk frá öllum bændum á innvigtunarsvæði félagsins. Þær mælingar fela ekki í sér rannsókn á þrávirkum efnum, sem þarf eins og fyrr segir, að gera erlendis. Mælingar og eftirlit með slíkum efnum í umhverfinu eru á hönd-

um opinberra eftirlitsstofnana. MS Ísafirði lét engu að síður gera slíka mælingu og hefur þegar komið í veg fyrir að vörur með mjólk frá framangreindu býli komist á markað. Félagið hefur þegar komið upplýsingum um niðurstöður mælinga á framfæri við opinbera aðila sem hafa með málið að gera. Framhald málsins og frekari mælingar eru í höndum þeirra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Yrsa hlaut Tindabikkjuna

Glæpafélag Vestfjarða Tindabikkjuna veitti í fyrsta sinn á föstudag, fyrir bestu glæpasögu ársins 2010, á barnum Langa Manga á Ísafirði. Tindabikkjuhafi ársins 2010 er Yrsa Sigurðardóttir og hlýtur hún verðlaunin fyrir skáldsöguna Ég man þig. Að launum hlýtur Yrsa viðeigandi verðlaunagrip, sem myndlistarkonan Marsibil Kristjánsdóttir hannaði, bókina Vestfirðir í máli og myndum eftir Hjálmar R. Bárðarson sem Eymundsson á Ísafirði gefur, auk tveggja kílóa af skötu í soðið. Yrsa er stödd í Chile þessa dagana og gat því ekki veitt verðlaununum viðtöku en vinkona hennar á Ísafirði,

Halldóra Hreinsdóttir, tóku við þeim fyrir hennar hönd. Glæpafélaginu þótti vissara að verðlaunaafhendingin sjálf væri í öruggum höndum og fékk Önnund Jónsson yfirlögregluþjón á Ísafirði til að afhenda verðlaunin.

Í umsögn dómnefndar segir: „Dómnefnd glímdi við það erfiða verkefni að velja eina bók úr hópi fjölmargra íslenskra glæpasagna ársins 2010 sem eru hver annarri meira spennandi. Verðlaunin, Tindabikkjan, sem nú eru veitt í fyrsta sinn, hlýtur Yrsa Sigurðardóttir fyrir bókina Ég man þig sem bókaforlagið Veröld gefur út. Þetta er sjötta glæpasaga Yrsu.



Sjö brautskráðir frá MÍ

Sjö nemendur voru brautskráðir frá Menntaskólanum á Ísafirði við hátíðlega athöfn í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Nemendur fengu afhent prófskírteini og viðurkenningar og kór MÍ söng undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Þau sem brautskráðust að þessu sinni voru Hilmar Örn Þorbjörnsson úr A-námi vélstjórnar, Ásrún Lárusdóttir og Kristín Úlfarsdóttir af sjúkraliðabraut, Erla Pálsdóttir og Sigríður Ágústa Finnbogadóttir af félagsfræðabraut og Erla Sighvatsdóttir og Snorri Karl Birgisson af náttúrufræðibraut. Þær Ásrún og Kristín fengu viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í hjúkrunargreinum og Erla Sighvatsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum og á stúdentsprófi.

55 milljónir í útvarstekjur

Gert er ráð fyrir því að útsvarsprósenta ársins 2011 í Súðavíkurhreppi verði 13,28% sem er lögbundið hámark og að útsvarstekjur ársins verði 55 milljónir samanborið við 56,1 milljónir á árinu 2009. Þetta kemur fram í minnisblaði með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem samþykkt var fyrir helgi. Þar er gert ráð fyrir að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) hækki um 11,9% milli ára og verði 0,47% af fasteignamati húss og lóðar, Fasteignaskattur á opinbert húsnæði í eigu ríkisins (B) verður óbreytt, 1,32% og fasteignagjöld á iðn-

aðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði (C) verður einnig óbreytt 1,65%.

Vatnsgjald verður óbreytt 0,30% og holræsagjald óbreytt 0,22% af fasteignamati húss og lóðar. Lóðarleiga í (A) flokki fasteigna hækkar úr 1,25% í 1,50% og lóðarleiga í (B) flokki fasteigna hækkar úr 1,25% í 1,60% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús. Sorphreinsigjald á hverja íbúð verður 11.898 kr. og sorpeyðingargjald er 14.872 kr. á hverja íbúð og hækkar þau gjöld um 10% á milli ára.

Sorphreinsi- og eyðingargjöld

á sumarhús í Álfafirði og lögbýli í Djúpi hækkar úr 13.520 kr. í 17.576 kr. sem er 30% hækkan milli ára og sorphreinsi- og eyðingargjöld á sumarhús með takmarkaða íveru hækkar úr 7.666 kr. í 13.385 kr. sem er 74,60% hækkan milli ára. Rotþróagjald verður 15.500 kr. og hækkar um 24,0% milli ára.

Veittur er 5,0% staðgreiðsluafsláttur ef öll fasteignagjöldin eru greidd fyrir 4. mars 2011. Veittur er afsláttur af fasteignagjöldum til handa elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt tekjuviðmiðun. Gert er ráð fyrir

79,8 millj. frá jöfnunarsjóði sem er 3,6% hækkan frá árinu 2010. Skýrist það að mestu vegna hækkanar á útgjaldajöfnunarfamlagi milli ára.

Þjónustutekjur (A) hluta samkvæmt áætlun er áætlaðar 17,1 milljónir sem er 1,3 milljónum krónum lægra en áætlað var á árinu 2010. Þjónustutekjur (A) og (B) hluta samkvæmt áætlun er áætlaðar 34,1 milljónir sem er 3,3 milljónum kr. lægra en áætlað var á árinu 2010. Veltufé frá (A) hluta reksturs er áætlað 11,8 milljónir en af samstæðunni (A) og (B) hluta 25,5 milljónir.

Flestir gjaldskráliðir hækka um 5,0% milli árunna 2010 og 2011, en engar hækkanir urðu á árinu 2010 frá árinu á undan. Á sama tíma, þ.e. árin 2009 og 2010 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13,3%. Tekjur vegna húsaleigu er tengd við vísitölu neysluverðs en var húsaleigan aftengd við vísitöluna um mitt árið 2009 vegna mikilla hækkananna hennar. Gert er ráð fyrir að húsaleiga verði tengd við vísitölu neysluverðs eftir áramót og taki hækkanunum frá þeim tímapunkti. Aflagjald sem reiknast af heildarverðmæti afla hækkar úr 1,30% í 1,60%.

Jólin 2010

Samkaup

úrval

góðir grannar

Gledilega hátíð *og heillaríkt nýtt ár!*

Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða



Opnunartími verslana **um jólin**

Þorláksmessa kl. 10-22, aðfangadagur kl. 10-12, lokað á jóladag og annan í jólum,
gamlársdagur kl. 10-12 og lokað á nýársdag

...sjá nánar um opnunartíma verslana á samkaupurval.is



Stefnir í metár skemmtiferðaskipa

„Þetta lítur afskaplega vel út. Nú þegar hafa 35 skip staðfest komu sína næsta sumar sem er nokkuð meira en á síðasta ári þegar skipin voru 30 talsins,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Síðasta sumar komu 28 skip til Ísafjarðar, en af þeim 30 sem höfðu pantað forfallaðist eitt vegna veðurs og annað vegna bilunar.

Ég veit að eitt skipafélag, sem boðað hefur komu sína næsta sumar með tvö skip, er í rekstrarerfiðleikum. Félagið hefur ekki afpantað en ekki er loku fyrir það skotið. Á móti kemur að ég veit um skip sem ekki hafa pantað en ætla engu að síður að koma hingað næsta sumar, þannig við getum áætlað að þessar 35 bókanir standi, plús/mínus tvö skip,“

segir Guðmundur.

Nýlega greindi Morgunblaðið frá því að útlit væri fyrir að færri skemmtiferðaskip myndu koma til Reykjavíkur en greinilega nær sá samdráttur ekki til Vestfjarða. Guðmundur var nýlega á ráðstefnunni Sea Trade Europe sem haldin var í Cannes í Frakklandi og þar hitti hann marga forsvarsmenn skipafélaga. „Það eru nátt-

úrulega sveiflur í þessum geira eins og öðrum. Það er greinlegt að það efnahagsástandið í Evrópu hefur haft áhrif og nokkur þýsk félög eru í erfiðleikum. En það eru líka góða fréttir. Til dæmis byrjaði ítalska skipafélagið MSC að sigla til okkar síðasta sumar og það hefur bókað komu sína aftur næsta sumar, en þar að auki hefur það bókað tvö skip fyrir sumarið 2012. Þetta er mjög stórt félag sem hóf í fyrsta sinn að sigla til Norður Evrópu á þessu ári, þannig þetta gefur góð fyrirheit um það sem koma skal,“ segir Guðmundur og bætir bætir við að bókanir fyrir sumarið 2012 gangi mjög vel. „Nú þegar liggja fyrir bókanir á 13 skipum sem miðað við árstíma er mjög gott.“

Aðspurður segir Guðmundur skemmtiferðaskipin skipti höfnina miklu máli. „Já, þau gera það

svo sannarlega. Nú kemur um þriðjungur af tekjum hafnarinnar frá skemmtiferðaskipum og munar um minna, sér lagi í ljósi þess að vertíðin stendur yfir í aðeins tvo og hálfan mánuð. Fyrir utan alla tekjurnar sem farþegarnir skapa fyrir samfélagið og þá fyrst og fremst í ferðaþjónustu.“ Hann segir þó að Ísafjörður gæti gert meira til að laða til sín umferð skemmtiferðaskipa. „Þróunin er sú að skipin fara stækkandi og við þurfum að bæta aðstöðu okkar til þess að geta tekið á móti stærstu skipunum. Okkar framtíðarsýn er sú að hægt verði að taka móti öllum skipum á nýppgerðum Ásgeirsbakkanum sem er 270 metra langur. En til þess þarf fjármagn svo hægt sé að dýpka sundin og breikka þau,“ segir Guðmundur.

– kte@bb.is

*Gledileg jól
og farsælt komandi ár*

Með kveðju frá stjórn og starfsfólki Atvest
og Fjórðungssambandi Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga



atvest
ÞRÓUN & RÁÐGJÖF

Fjórðungssamband Vestfirðinga | Sími 450 3000 | Fax: 450 3005 | skrifstofa@fjorungssamband.is
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða | Sími 450 3000 | Fax 450 3005 | atvest@atvest.is | www.atvest.is

Gistinóttum fjölga- ar á Vestfjörðum

Gistinætur á hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum voru rúmar 2.600 í október sem er 15% aukning miðað við sama mánuð í fyrra. Á landinu öllu fækkaði gistinóttum um rúm 4% en samdrátturinn náði eingöngu til höfuðborgarsvæðisins þar sem gistinóttum fækkaði um 10% milli ára, en í öllum landshlutum var aukning á gistinóttum milli ára. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Norðurlandi eða um 35%. Fyrstu tíu mánuði ársins hefur gistinóttum á landinu öllu fækkað um rúm 3% milli ára en á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi fjölgaði þeim um sömu prósentu tölu. Annars staðar á landinu var um samdrátt að ræða.

Af þeim 2.635 gistinóttum á Vestfjörðum í október sl., áttu Íslendingar 1.694 nætur og útlendingar 941. Fjöldi útlendingar stóð nánast í stað á með gistinóttum Íslendinga fjölgaði um nær fjórðung. Gistinóttum yfir sumartímann, þ.e. frá maí til september, fjölgaði um 2.118 milli ára á Vestfjörðum og Vesturlandi, sem er ríflega 6% aukning. Hagstofan birtir talnaefni um gistinætur og á vef stofnunarinnar er athygli vakin á því að tölurnar taka eingöngu til gistinátta á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

– kte@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Jólin 2010



Viltu láta þér líða vel?

Þá þarftu að vita hvað skiptir raunverulega máli
og læra að beina kröftum þínum í þann farveg

skyldu
lesning!

Það sem máli skiptir

Pétur Guðjónsson



Höfundur
Pétur Guðjónsson

**„Þetta er tímamótabók,
því aldrei fyrr hafa komið fram jafn nákvæmar hugmyndir og aðferðir
sem gera hinum venjulega manni kleift að vera það sem allir eru gerðir
til að vera: Hamingjusamar, kraftmiklar og óhræddar mannverur sem
„fljúga frjálsar inn í framtíðina“.**

Jákvæð rekstrar- niðurstaða

Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings Súðavík-urhrepps er jákvæð um 9,6 milljónir króna. Þetta kom fram er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var samþykkt samhljóða í síðustu viku. Með áorðnum breytingum á fjárhagsáætlun eru tekjur samstæðureiknings Súðavík-urhrepps, (A og B hluta), áætlaðar 181,5 milljónir króna og útgjöld áætluð 156 milljónir króna. Niðurstaða reksturs án fjármagnsliða og afskrifta er því jákvæð um 25,5 milljónir. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar 6,4 milljónir og afskriftir eru áætlaðar 9,5 milljónir. Áætlað er að framkvæma fyrir 3,6 milljónir á árinu 2011.

Helstu verkefni eru framkvæmdir við uppsátur á Langeyri, í endurbyggingu Eyrardalsbæjar og í göngustíga-gerð. Verða framkvæmdir fjármagnaðar af eigin fé. Jafnframt er gert ráð fyrir að 1,5 milljónum verði varið í atvinnumálastyrki á árinu 2011 vegna nýrra starfa sem til urðu á árinu 2010. Í fjárhagsáætlun er ekki reiknað með tekjum og gjöldum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga um n.k. áramót og gengið út frá því að tekjur vegna mála-flokksins verði jafnar útgjöldum og hafi því ekki áhrif á heildarniðurstöðu rekstrar.

— thelma@bb.is

Spurningin

Verður árið 2011 erfiðara fyrir Íslendinga en árið 2010?

**Alls svöruðu 541.
Já sögðu 370 eða 68%
Nei sögðu 171 eða 32%**

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag (Þorláksmessu), laugardag (aðfangadag) og sunnudag (2 í jólum): Líkur á austlægum áttum með eljum í flestum landshlutum. Dregur smám saman úr frosti.

Greiddi útgerðarfélagi Guð-jóns Arnars fyrir ráðgjöf

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur greitt útgerðarfélaginu Ískrók ehf. um 6,8 milljónir króna vegna ráðgjafar við fiskveiðistjórnun. Félagið er í eigu Guðjóns A. Kristjánssyni, fyrrverandi alþingismanns. Þetta kemur fram í svari Jóns Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, við fyrirspurn frá Kristjáni Þór Júlíussyni alþingismanni. Hann sagði í samtali við mbl.is að þessi ráðstöfun væri afar óeðlileg. „Það er spurning hvers vegna ráðherra ræðir ekki við Samherja, Granda eða Vinnslustöðina eða einhvern annan og borgar þeim kaup fyrir. Þetta er auðvitað ekki í lagi,“ sagði Kristján. Í svarinu kemur fram að ráðuneytið



Guðjón Arnar Kristjánsson.

greiddi Ískrók ehf. 2 milljónir í fyrra fyrir „ráðgjöf vegna fiskveiðistjórnunar“ og 4,7 milljónir það sem af er þessu

ári. Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er Ískrókur félag í eigu Guðjóns Arnars

Kristjánssonar og fjölskyldu hans. Guðjón Arnar hafi sinnt verkefnum í ráðuneytinu og begið verktakagreiðslur fyrir.

Gjaldprotaskiptum lokið eftir 17 ár

Gjaldprotaskiptum á útgerðar-fyrirtækinu Einari Guðfinnssyni ehf. í Bolungarvík er loks lokið eftir 17 ára uppgjörsferli. Grein var frá þessu í vefútgáfu Lög-birtingarblaðsins í síðustu viku. Tæplega 56% greiddust upp í tæplega 1,8 milljarða króna kröfur. Einar Guðfinnsson hf. var upphaflega stofnað af Einari Guðfinnssyni útgerðarmanni og afa Einaris Guðfinnssonar alþing-

ismanns þann 1. nóvember árið 1924. Var dagsetningin miðuð við kaup Einaris á eignum Nathan & Olsen í Bolungarvík. Varð félagið fljótlega mjög öflugt og starfaði nánast á öllum sviðum atvinnulífs í Bolungarvík um áratuga skeið. Átti m.a. stóran hlut í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Tryggingamiðstöðinni. Í kjölfar erfiðleika sem urðu í rekstrinum á níunda áratugnum

voru gerðar skipulagsbreytingar á félaginu 1. janúar árið 1991 en það dugði þó ekki til að forða því frá gjaldproti. Hafði gjaldprotið því viðtæk áhrif á allt atvinnulífið.

Einar Guðfinnsson ehf., var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 15. febrúar 1993. Lýstar kröfur námu samtals 1.757.928.018 krónum. Skiptum á búinu var ekki lokið fyrr en 23.

mars 2010. Greiddust 1.012.904.274 krónur upp í kröfur eða 55,692%. Af þeim voru samþykktar veðkröfur 1.500.392.155 krónur og upp í þær greiddust 894.045.837 krónur eða 59,587%. Samþykktar forgangskröfur í búið voru 86.701.836 krónur og upp í þær fengust 84.972.425 krónur eða 98,006%. Ekkert fékkst hinsvegar upp í lýstar almennar kröfur.

Ritstjórnargrein

Jóla ljós

Lítill drengur starir hugfanginn á kertaljósin á jólatrénu sem faðir hans smíðaði og móðir hans vafði marglitum pappír. Á einni rúðu stofugluggans mótast fyrir útlínum jólatrés sem hann hefur dregið í hrímið á glerinu innanverðu og reynt að líkja eftir frummynd föðurins. Oft undar hann sér við þá iðju að teikna á hellaðar rúðurnar. Fyrr um daginn hafði hann farið út í geitakofa með föðurnum, drukkið spenvolga mjólk úr emeleraða málinu sínu, eins og hann var vanur, og fundið kuldabola bíta í kinnarnar á leiðinni milli húsa. Nú nýtur hann ylsins og birtunnar frá kertaljósum: Jólin eru kom-in.

Gamall maður horfir aðdáunaraugum á fagurskreytt jólatré úti fyrir reisumiklu, skrautlegu og gömlu húsi við steinlagða götu í litlum bæ í framandi landi, sem er því líkastur sem hann hafi allur verið klipptur út úr aldagömlu ævintýri. Ljósin á trénu sindra í nýföllnum snjónum á greinum þess líkt og stjörnurnar á himinhvolfinu. Ysinn og þysinn í mannhafinu á torginu gleymist. Umhverfið er ein

ljósadýrð og kuldinn minnir ekki lengur á sig. Þótt aðventan sé enn aðeins á næsta leyti fyllir dýrð jólatrésins út í það sem á vantar að hátíðin sé gengin í garð.

Tvisvar verður gamall maður barn. Við hlið mannsins, nýkomnum af kaffihúsi, þar sem honum var skenkt sjóðheitt súkkulaði með hjartastyrkjandi fyrir fullorðna úti, stendur allt í einu lítill drengur. Saman horfa þeir á jólatréð. Gleðin flýtur um augu drengsins. Hljóðlátt rennur tár niður vanga mannsins.

„Í gullnum ljóma,
hver gjöf mér skín.
En kærust voru mér
kertin mín.“

Bæjarins besta sendir lesendum sínum nær og fjær sem og landsmönnum öllum hugheilar óskir um björt og gleðirík jól.

S.h. — Stefán frá Hvítadal: Jól.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar

Frá fyrsta degi höfum við starfað eftir sömu gildunum.
Við þjónum viðskiptavinum okkar af umhyggju og styðjum
um leið við okkar heimabyggð. Enda eru viðskiptavinirnir
alltaf óskaplega ánægðir með okkur og við með þá.



SPARISJÓÐURINN

Spennandi áskorun

Leikkonan Halldóra Björnsdóttir hefur tekist á við mörg viðamestu kvenhlutverk heimsbókmenntanna frá því að hún útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands fyrir níttján árum síðan. Í dag tekst hún hins vegar á við nýtt hlutverk, þar sem hún hefur tyllt sér í leikstjórástólinn og vinnur að uppsetningu verksins Grænjaxla með leiklistarsinnuðum nemendum Menntaskóla Ísafjarðar.

Viðeigandi verk

Löng hefð hefur verið fyrir því að Leikfélag Menntaskóla Ísafjarðar frumsýni verk á árlegri Sólrishátíð í bænum. Félagið hefur áður sett upp verk á borð við Túsíldingsóperuna og Djöflaeyjuna, en að þessu sinni verður bæjarbúum boðið upp á verkið Grænjaxla eftir Pétur Gunnarsson. Leikstjóri er Halldóra Björnsdóttir, leikkona, sem fluttist til Ísafjarðar nú í sumarlok.

„Við skoðuðum nokkur verk og þetta varð svo fyrir valinu að lokum. Mér líst mjög vel á að setja upp Grænjaxla. Krakkarnir komu sjálf með þessa hugmynd og mér finnst hún alveg frábær. Það er líka alltaf svo gaman þegar hugmyndirnar koma frá þeim sjálfum,“ segir Halldóra.

Söngleikurinn Grænjaxlar var

fyrst settur á sviði í Þjóðleikhúsinu árið 1977, en tónlist í sýningunni er eftir Spilverk þjóðanna. Í verkinu eru margir vel þekktir smellir, eins og dæmis Söngur skýjanna og Því er ég Arinbjarnarson. Halldóra segir verkið eldast vel og eiga furðuvel við í dag. „Þetta er spennandi verk og það er ýmislegt í því sem passar við daginn í dag. Það fjallar líka töluvert um æskuna og unglingsárin,“ útskýrir Halldóra.

Söguhetjur Grænjaxla ganga í gegnum ýmsar þær breytingar og á stundum hremmingar sem fylgja unglingsárunum, en leggja sömuleiðis af stað í leit að Kreppunni – nokkuð sem óneitanlega virðist hæfa andrúmsloftinu í þjóðfélagi samtímans.

Halldóra og leikfélagar hafa þegar hafið undirbúningsvinnu og blásið til áheyrnarprufa. „Svo þarf að smala saman í hljómsveit líka,“ segir Halldóra, sem kveðst lítast afar vel á starfið framundan. „Krakkarnir eru mjög virk og skemmtileg og þetta leggst bara ægilega vel í mig.“

Stílaði inn á leiklistina

Halldóra tók sjálf þátt í leiklist af miklum krafti á menntaskólaárum sínum í Reykjavík. „Ég var í Herranótt í Menntaskólanum í Reykjavík, svo ég þekki

þetta menntaskólastarf vel og hef mjög góða reynslu af því. Það er oft svo skapandi og skemmtilegt,“ segir Halldóra.

Á þeim tíma var fyrstubekkingum í MR, sem heita þó þriðjubekkingar á MR-máli, hins vegar meinað að taka þátt í starfi Herra-nætur. Hún þurfti því að sitja á sér og biðja þess að vera gjaldgeng í félagið. „Ég var með næstu tvö ár og var í aðalhlutverkum í bæði skiptin,“ segir Halldóra, sem kveðst alltaf hafa stílað inn á að leggja leiklistina fyrir sig.

Eftir að hún útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík tók hún sér árs hlé frá námi, en sótti síðan um ingöngu í Leiklistarskóla Íslands. „Ég komst inn í hann og var þar í fjögur ár. Við vorum átta saman í bekk þá. Í dag er leiklistarskólinn deild innan Listaháskóla Íslands, en hann var sjálfstæður skóli þegar ég var þar. Þetta er orðið mjög breytt umhverfi,“ segir Halldóra.

Eldskírn í Þjóðleikhúsinu

Halldóra útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands vorið 1991 og fékk strax samning í Þjóðleikhúsinu, sem ungum og nýútskrifuðum leikurum hefur oft þótt eftirsóknarvert. „Það var í rauninni frekar sjaldgæft á þessum tíma,

en við vorum nokkrir ungir leikarar sem vorum strax fastráðin við húsið. Ég var þá bara tuttugu og fjögurra ára og yngst í hópnum,“ útskýrir Halldóra.

Hennar beið ansi strembinn tímabil, þennan fyrsta vetur sinn á fjölnum. „Ég lék þarna í leikriti sem heitir Kæra Jelena, eftir Ljudmilu Razumovskaju, sem sýnt var á Litla sviðinu. Við sýndum það leikrit tvö hundruð sinnum og fórum tvisvar sinnum í hringferð um landið með það. Sama ár lék ég svo Júlíu í Rómeó og Júlíu. Það var ansi mikið að gera þetta fyrsta ár mitt!“ segir Halldóra og brosir.

„Þetta var eiginlega svolítil eldskírn, að sýna svona margar sýningar á Litla sviðinu og svo debútið mitt á Stóra sviðinu, sem var Júlía. Það er alveg hægt að finna minni hlutverk en það,“ segir hún og hlær við.

Antígóna, Hester og öll hin hlutverkin

Á þeim sautján árum sem Halldóra lék í Þjóðleikhúsinu tók hún að sér fjöldann allan af hlutverkum, allt frá Antígónu Sófóklesar til hinnar íslensku Stellu í sum-arfríinu í Sólafærð.

„Síðasta aðalhlutverk sem ég lék í Þjóðleikhúsinu var árið 2005. Það var mjög stórt og mikið

hlutverk, í leikriti sem heitir Mýr-arljós, sem Edda Heiðrún Bachman leikstýrði. Leikritið er eftir unga írska konu og svo komu tveir Grikkir til landsins og unnu með okkur. Þetta var mjög ævintýraleg uppfærsla,“ segir Halldóra, sem var tilnefnd til Grímu-verðlaunanna fyrir frammistöðu sína í hlutverki Hester Svan.

Leikarar á Íslandi fara þó oft yfir víðari völl en þann sem leiksviðið sjálft stendur fyrir og Halldóra er þar ekki undanskilin.

„Hérna á Íslandi snertir maður náttúrulega á þessu öllu. Ég hugsa að ég hafi komið að öllum hliðum leiklistarinnar á Íslandi. Ég lék mikið í útvarpinu á tímabili og hef líka verið í sjónvarpsleik. Ég lék til dæmis lögreglukonu í myndaseríunni Manna-veiðar,“ segir Halldóra frá. Hún hefur sömuleiðis tekið að sér hlutverk í kvikmyndum og leikið í vinsælu barnamyndinni Stikkfrí og farið með hlutverk í 101 Reykjavík.

Hlé frá leiknum

Árið 2008 fluttist Halldóra og fjölskylda hennar á Patreksfjörð, þar sem þau dvöldust í tvö ár. Halldóra starfaði þá sem grunnskólakennari í Grunnskóla Vesturbýggðar og kenndi skólabörnun sömuleiðis leiklist.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er nú að samþykkja eina þá erfiðustu fjárhagsáætlun, sem hún hefur staðið frammi fyrir um langa hríð,“ segir í bókun bæjarfulltrúa minnihlutans á fundi þar sem fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2011 var tekin til síðari umræðu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

„Fjárhagsstaða bæjarfélagsins er erfið, skuldir eru miklar og tekjur fara lækkandi. Ekkert rými er til framkvæmda og dregið er saman í þjónustu hjá bæjarfélaginu og þar með í starfsmannahaldi. Bæjarstjórn hefur þurft að velja á milli margra erfiðra leiða við skipulagningu starfsseminnar á næsta ári, það er því miður nauðsynlegt ef ekki á að fara á enn verri veg fyrir okkur,“ segir jafnframt í bókuninni sem Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi Í-listans lagði fram.

„Í ljósi þess hvernig fjárhagsáætlunin hefur verið unnin að þessu sinni og í trausti þess að minnihlutinn verði áfram hafður

með í ráðum, eins og gert hefur verið á þessu hausti, hafa fulltrúar Í-listans ákveðið að samþykkja áætlunina og veita þar með meirihlutanum stuðning við þær erfiðu aðgerðir sem hann stendur frammi fyrir.“

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri, gerði í stefnuræðu sinni við síðari umræðu grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 en hún var lögð fram til fyrri umræðu á 288. fundi bæjarstjórnar þann 1. desember. Eins gerði bæjarstjóri grein fyrir breytingum er orðið hafa á frumvarpinu frá fyrri umræðu. Jafnframt gerði bæjarstjóri grein fyrir áætluðum fjárfestingum á árinu 2011, efnahag, rekstri og sjóðstreymi 31. desember 2011.

Bæjarstjóri lagði einnig fram bréf frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu þar sem óskað er eftir að gjaldskrá fyrir þátttöku í rekstri Hlífar á Ísafirði, fyrir árið 2010, verði áfram í gildi, þar til gengið hefur verið frá breytingum á fyrirkomulagi er gjaldskrána varðar. Áætlað er að ný



„Fjárhagsstaða bæjarfélagsins er erfið, skuldir eru miklar og tekjur fara lækkandi,“ segir í bókun frá bæjarfulltrúa Í-listans.

gjaldskrá geti legið fyrir í janúar 2011 og verður þá lögð fyrir bæj-

arstjórn til samþykktar. Bæjarstjórn samþykkti breytingu hvað

varðar gjaldskrá fyrir þátttöku í rekstri á Hlíf með átta atkvæðum.

„Það er náttúrulega frekar mikið að leika svo til stöðugt í sautján ár, svo ég ákvað að söðla um og prófa eitthvað nýtt. Á Patreksfirði setti ég upp sýningar með krökkunum í skólanum, og kenndi öllum bekkjum hans leiklist á þessum tveimur árum. Þetta voru sprækir krakkar og það var mjög gaman að vinna með þeim. En þetta verkefni með krökkunum í Menntaskóla Ísafjarðar er raunar fyrsta eiginlega leikstjórnarverkefni mitt,“ segir Halldóra, sem er ánægð með þá áskorun sem það felur í sér. „Maður vaknar svolítið og kynnist nýjum hliðum starfsins, sem mér finnst bara mjög gaman. Mér finnst þetta mjög spennandi áskorun,“ segir hún.

Auk starfsins með Leikfélagi Mí kennir Halldóra ýmiss námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða – allt frá leiklistar námskeiðum, til íslensku fyrir útlendinga. „Það er alveg yndislegur vinnustaður og mjög öflugt starf sem á sér stað hjá Fræðslumiðstöðinni. Það er mikil gróska hérna og margt spennandi á þrjónunum,“ segir Halldóra.

Óttaðist sólarleysið

Hún fluttist sem áður segir til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni í ágúst síðastliðnum og segir ný heimkynni leggjast vel í sig. „Sumarið tók ofsalega vel á móti okkur. Það var hérna sól og blíða og spegilsléttur fjörður dag eftir dag, alveg fram í október. Svo kom veturinn með látum og þá brá mér svolítið,“ segir hún og brosir. „Á Patreksfirði virtist



veðráttan nefnilega alveg fylgja Reykjavík, en svo er aftur á móti ótrúlega mikill munur á veðrinu hér og á Patreksfirði,“ bætir hún

við.

„En ég hugsaði líka að náttúran, eða almættið, sér um sína. Um leið og snjórinn kemur, kem-

ur líka svo mikil birta. Þá hættir maður að óttast sólarleysið, sem maður velti kannski aðeins fyrir sér svona til að byrja með – að

hafa ekki sólina svona lengi! Mér finnst nefnilega voðalega gott að hafa hana, ég er svolítið sólarbarn,“ segir Halldóra og hlær við.

Fleiri einstaklingar leita til fjölskylduhjálpar kirkjunnar

„Undanfarin tvö ár höfum við tekið eftir að fleiri leita til okkar eftir aðstoð en aukningin er þó ekkert í líkingu við það sem gerst hefur á höfuðborgarsvæðinu,“ segir séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði. „Við finnum fyrir því að það er minna af peningum á svæðinu en var hér fyrir nokkrum árum. Hins vegar var ekki þessi mikli skellur hér eins og í Reykjavík enda náði upp-sveiflan hér ekki sömu hæðum og fyrir sunnan. Þannig aðstoðin hér hefur aukist jafnt og þétt undanfarin misseri,“ segir Magnús. Hann segir presta einnig starfa sem umboðsmenn fyrir hjálpastarf kirkjunnar.

„Fólk sem þarf á hjálp á að halda, hvort sem það er yfir

jólahátíðarnar eða á öðrum árstímum, getur snúið sér til síns sóknarprests. Yfirleitt er um að ræða aðstoð við matarinnkaup. Það heyrir þó til undantekninga að við stöndum fyrir matarúthlutunum hér á Ísafirði heldur er algengast að við veitum fólk úttektarkort sem gildir þá bæði í Bónus og Samkaup,“ segir Magnús.

„Þá er einnig algengt að þegar fyrirtæki og félagasamtök rétta samborgurum sínum hjálparhönd að þeir leiti til sóknarpresta til að hafa milligöngu í slíkum málum,“ segir Magnús og bætir við að fleiri aðilar á svæðinu sinni álíka hlutverki. „Það er umtalsvert starf sem hér unnið að hálfu kirkjunnar, sveitarfélagsins og líknarfélaga í þágu fátækra þó



Ísafjarðarkirkja.

svo þetta starf fari ekki hátt,“ segir Magnús sem að endingu vill hvetja fólk um gleðja hvert

annað. „Því þegar allt kemur til alls þá eiga jólin að snúast um að gleðja náungann og gildir þá einu

hvort þeir eru ríkir eða fátækir,“ segir Magnús Erlingsson, sóknarprestur. – kte@bb.is



Súðavík. Ljós: © Mats Wibe Lund.

„Akstursþjónusta dýr og lítið notuð“

Félagsmálanefnd Súðavíkurhrepps hefur lagt til að skoðaðir verði aðrir möguleikar á akstursþjónustu við dreifbýli. Segir nefndin það fyrirkomulag sem nú er til staðar vera bæði dýrt og ekki mikið notað af þeim sem á því þurfa að halda. „Mikilvægt er að það fjármagn sem lagt er í slíka þjónustu sé notað markvisst,“ segir í fundarbókun. Súðavíkurhreppur hefur undanfarin ár greitt Íslandspósti hluta af kostnaði af pósthólfum frá Ísafjarðar-

djúpi til Ísafjarðar í þeim tilgangi að íbúar í Djúpinu geti nýtt ferðirnar sjálfir til að sækja þjónustu á Ísafjörð.

„Ef þessar greiðslur hreppsins hefðu ekki komið til þá hefði pósthjónusta Íslandspóst verið einungis frá Ísafirði í djúpið og til baka. Á þessu ári greiðir Súðavíkurhreppur eina og hálfa milljón vegna ferða einu sinni í viku,“ segir í fundarbókun. Nefndin segir að ferðirnar hafi ekki verið mikið nýttar af farþegum, aðeins

37 ferðir (aðra leiðina) hafa verið nýttar það sem af er þessu ári og aðeins hluti þeirra eru ferðir íbúa með lögheimili í Súðavíkurhreppi.

Félagsmálanefnd telur mikilvægt að áfram verði veitt akstursþjónusta, til að sækja þjónustu á Ísafjörð, við þá íbúa í djúpinu sem eiga lögheimili í hreppnum og eru ekki færir um að keyra sjálfir. Í fundarbókun segir að þetta eigi mögulega við um tvö til þrjú heimili.

– thelma@bb.is

Við óskum Samfylkingarfólki og öllum íbúum Norðvesturkjördæmis gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Guðbjartur Hannesson, alþingismaður og Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður



Þessi myndarlegi hópur var sá síðasti til að útskrifast frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir þessi jól.

Útskriftir í FRMST

Síðasti hópurinn var útskrifaður fyrir jól frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í síðustu viku. Um var að ræða fólk sem hefur lokið á milli 50 og 60 kennslustundum í nokkrum greinum, einkum þeim sem flokkast undir sköpun, svo sem tónlist og hannyrðir. Samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvarinnar voru Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Fræðslusetrið. Í tilefni útskriftarinnar var slegið upp veislu og borið fram heitt súkkulaði og bakkelsi. Þá voru jólalögin sungin og leikin undir öruggri stjórn kennarans Guðrúnar Jónsdóttur söngkonu og meðreiðarsveina hennar, þeirra hafnarkarlanna Guðmundar Kristjánssonar og Hjalta Einars Þórarinssonar.

Lýsa kröfu í protabúið

Súðavíkurhreppur hefur lagt fram kröfulýsingu á hendur protabúi Sparisjóðsins í Keflavík. Var hún send var til slita-stjórnar 6. desember. Kröfulýsingin er byggð á því að forsendur fyrir stofnfjárukningu í Sparisjóði Vestfjarða hafi verið rangar m.a. þannig að eignir Sparisjóðsins í Keflavík hafi við samruna sparisjóðanna verið stórlega ofmetnar og aldrei hefði komið til umræddra stofnfjárukninga, ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir á þeim tíma sem þær fóru fram og samruni sparisjóðanna var samþykktur. Sveitarstjóra hefur verið falið að fylgja málinu eftir í samvinnu við lögfræðing Súðavíkurhrepps.

Árleg vetrarfuglatalning

Ákveðið hefur verið að árleg vetrarfuglatalning Náttúrufræðistofnunar Íslands fari fram 9. janúar. Markmið vetrarfuglatalninga er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi. Í síðustu talningu á norðanverðum Vestfjörðum var æðarfugl algengastur í vetrartalningu sem fór fram í lok síðasta árs. Tæplega 8800 æðarfuglar voru taldir og var hávellan næst algengust eða um 1700 fuglar. Flestar hávellur sástu í Súgandafirði eða 6-700 fuglar. Heildarfjöldi fugla svipaður og árið áður ári og má nefna að aðeins munaði um 70 æðarfuglum á milli ára. Árlegar vetrarfuglatalningar hófust á Íslandi um jólaleytið 1952 að amerískri fyrirmynd. Þetta verkefni er ein lengsta samfellda vöktun sem stunduð hefur verið hér á landi og sú sem tekur til flestra fuglategunda.

Nýta forkaupsréttinn

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að nýta forkaupsrétt sinn til kaupa á hlutafé í Melrakkasetri Íslands ehf. Leggur bæjarráð til að keypt verði hlutir fyrir 200.000 krónur. Stjórn Melrakkasetursins ákvað fyrr í haust að auka við hlutafé setursins úr rúmum 2 milljónum króna í 5 milljónir. Í viðtali við bb.is sagði Ester Rut Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri setursins að langflestir hluthafar hafi ákveðið að nýta forkaupsrétt sinn en kaupun voru á gjalddaga þann 20. desember. Hlutturinn kostar 10 þús. krónur á genginu einn.



*Óskum viðskiptavinum okkar,
samstarfsaðilum og Vestfirðingum öllum,
gledilegra jóla og farsæls komandi árs!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!*





Aukið eftirlit um jólin

„Við verðum sýnilegir og stöndum fyrir kröftugu eftirliti yfir jólahátíðina að venju,“ segir Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn hjá lögregluinni á Ísafirði.

„Lögreglumenn verða mikið á ferðinni og munu hafa vakandi auga með öku- mönnum. Þá verður vel fylgst með umferð til og frá bænum bæði úr lofti, láði og legi. Við gerðum þetta líka á síðasta ári og ég verð að hrósa öku mönnum á svæðinu sem virðast vera vel meðvitaðir um hættuna sem felst í því að blanda saman áfengi og akstri. Það sem af er ári hefur líka brotum tengdum ölvunar- akstri dregist stórlega saman og vil ég koma þakklæti á framfæri til öku manna fyrir það,“ segir Önnundur.

– kte@bb.is

Fíkniefnabrotum fer fækkandi

Fíkniefnabrotum hefur fækkað á Vestfjörðum undanfarin þrjú ár. Á síðasta ári fækkaði þeim úr um 50 niður í 9 samkvæmt árs- skýrslu ríkislögreglustjóra um afbrotatölfræði ársins 2009. Þá lækkaði tíðni eignaspjalla töluvert á Vestfjörðum milli ára en þau voru 53 talsins í fyrra. Í skýrslunni kemur fram að umferðarlagabrot á hverja 10.000 íbúa voru flest á Vestfjörðum og Vesturlandi eða 5.197, þar af 617 á Vestfjörðum, sem er fjórðungur umferðarlagabrota var framinn var á árinu.

Fjöldi tilkynnta líkamsmeiðinga var 37 í umdæminu og kynferðisbrot voru níu og hafði þeim fækkað frá undanförunum tveimur árum. Auðgunarbrot voru 68 og áfengislagabrot 19. Einungis eitt skjalafalsbrot var skráð í umdæminu á síðasta ári og fjögur tilfelli um nytjastuld. Brotum gegn friðhelgi einkalífsins fækkaði töluvert á Vestfjörðum og voru þau 16 talsins á síðasta ári. Fæst brot gegn valdstjórninni voru á Vestfjörðum eða fjögur.

Fjöldi hegningarlagabrota miðað við 10.000 íbúa var 201 á

Vestfjörðum á síðasta ár. Þá var 7% kærðra einstaklinga vegna hegningarlagabrota á Vestfjörðum og Vesturlandi. Fjöldi sérrefsilagabrota á sama mælikvarða var 88. Í skýrslunni kemur m.a. fram að niðurskurður fjárveitinga og fækkun lögreglumanna birtist í því að skráðum afbrotum sem byggja á miklu leyti á frumkvæðisvinnu lögreglu hefur fækkað.

Frá árinu 2001 hefur ríkislögregluembættið gefið út sérstaka skýrslu um afbrotatölfræði auk mánaðarlegrar skýrslu með bráðabirgðatölum í samanburði við sömu mánuði undanfariinna ára. Enn fremur hefur embættið staðið fyrir því að gerðar eru ítarlegar rannsóknir á einstaka afbrotum þar sem skyggst er enn betur í gögn lögreglunnar. „Með því móti er varpað ljósi á þróun afbrota í samfélaginu en jafnframt birt mynd af störfum lögreglumanna við oft erfiðar og vandasamar aðstæður,“ segir í ársskýrslunni.

– thelma@bb.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



H-PRENT EHF
Sólgata 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstígur 5 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Gamla sjúkrahúsið
Safnahúsið

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



TAXI
Leigubílar Ísafirði
Sími 456 3518

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



TH ehf.,
Sindragötu 11 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



SKIPANAUST ehf.
Skipa- og vélþjónusta
Suðurtanga 6, Ísafirði • Sími 456 3899 og 894 6850

Suðurtangi 6 • Ísafirði

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga vænan lífeyrissparnað hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga! Þú sleppur við jólaköttinn ef þú gengur frá samningi fyrir áramót! Það gerir þú á netinu www.lvest.is. Þar getur þú líka greitt iðgjöld og skoðað réttindi þín í Lífeyrissjóði Vestfirðinga, fengið yfirlit yfir stöðu þína og margt fleira.

Lífeyrissjóður
Vestfirðinga
óskar
Vestfirðingum
og öðrum
landsmönnum
árs og friðar



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði • Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710 • Netfang: afgr@lvest.is • Heimasíða: www.lvest.is



Lífir og hrærist í tónlistinni

Beata Joó, píanókennari og kórstjóri, fékk atvinnutilboð í partíi í Búdapest árið 1986. Hún yfirgaf í kjölfarið heimaland sitt, Ungverjaland, og hélt til Ísafjarðar, þar sem hún hefur dvalist síðan. Beata hefur verið öflugur kraftur í tónlistarstarfi á Vestfjörðum síðan. Hún kennir nú við Tónlistarskóla Ísafjarðar og von er á jólaþlótu með Karla-kórnum Erni, sem hún stýrir styrkri hendi.

Beata, sem er kölluð Bea af vinum og vandamönnum, er fædd í borginni Szeged, sunnan við Búdapest, árið 1963. Hún ólst því upp í Ungverjalandi kommúnismans. „Þegar ég kom hingað árið 1986 voru kommúnistar ennþá við völd og voru það alveg til 1989. Ég þurfti að fá skriflegt leyfi til þess að koma til Íslands. Ég mátti ekki leita að vinnu nema í gegnum sérstaka skrifstofu og ég þurfti að greiða sérstakt gjald af laununum mínum heim,“ útskýrir Bea, sem segir það hafa verið gott að alast upp í Ungverjalandi þrátt fyrir kommúnistastjórnina.

„Stjórnin hjá okkur var sem betur fer ekki jafn ströng og annars staðar. Við vorum með meira frelsi en önnur ríki í kringum okkur. En þetta var náttúrulega ekki jafn frjálst og í hinum svo-

kölluðu Vesturlöndum – þeir stjórnðu mjög miklu, kommúnistarnar. Í raun bara öllu,“ segir Bea og brosir.

Gat sungið flugnaskít á blaði

Að menntaskólagöngu lokinni hóf Bea nám í píanóleik og kórstjórn við Franz Liszt Tónlistarakademiuna í Búdapest. Hún hafði verið í tónlistarnámi frá fjögurra ára aldri, lært á píanó frá sex ára aldri og sungið í kór svo til alla ævi.

„Ég var í grunnskólakór og lék líka undir á píanó fyrir þann kór. Þegar ég var á menntaskóla-altri, svona 14 til 18 ára, var ég í „conservatory“, sem er nokkurs konar tónlistarmenntaskóli. Þar lærði ég áfram á píanó og var líka í þremur kórnum. Skólinn var með stúlknaðkór sem var mjög góður og virtur og vann margar alþjóðakeppnir. Hann var álíkur Hamrahlíðarkórnum hérna heima,“ útskýrir Bea.

Hún söng þó með fleiri kórnum á sama tíma. „Ég var í tveimur verkamannakórnum. Á þessum tíma höfðu fyrirtæki nægilegt fjármagn til að hjálpa verkafólki að mennta sig. Þeir sem unnu við orkuveituna í borginni höfðu til dæmis stofnað kór. Það var kór

áhugafólks og þeir fengu stundum menntað fólk til að syngja með sér. Ég fór í þann kór, af því að það var sami kórstjóri og stjórnaði stúlknaðkórnum og hann hvatti okkur til að taka þátt,“ útskýrir Bea. „Við lærðum svo sem ekkert mikið þar, en við fengum að ferðast með þeim til útlanda sem hafði sitt aðdráttar-afl! Það lýsir því líka að Ungverjaland var opnara en Rússland, til dæmis, þar sem við fengum að fara oft til svokallaðra Vesturlanda, af því að við vorum í menningarstarfi,“ bætir hún við.

Í Tónlistarakademíunni í Búdapest söng hún svo með kammerkór sem þótti einn besti háskólakór í Evrópu. „Það var ekkert sem sá kór gat ekki sungið! Hann söng þess vegna í sextán röddum. Ef það var flugnaskítur á nótna-blaði gat hann sungið það,“ segir Bea og skellir upp úr. „Helm-ingurinn af þessum kór voru algjörir snillingar, en sumir kórfélágarnir voru líka stórskrýtnir. Ég lærði mjög mikið í kórnum, enda var ég í honum í fimm ár,“ bætir Bea við. Með kórnum ferðaðist hún meðal annars til Bandaríkjanna og vítt og breitt um heiminn.

Mikil tónlistarhefð

Í Ungverjalandi er mikil og rík

tónlistarhefð og er landið þekkt fyrir öflugan tónlistarkennslu. „Tónlistarakademían er einn af frægustu skólum í Evrópu og hefðin er mjög sterk í landinu. Ungverjaland er frægt fyrir Kodály-aðferðina, sem er tónfræðikennsla. Hún er kennd í öllum grunnskólum, alveg ótengt námi á hljóðfæri. Eftir grunnskólanám eiga öll ungversk börn að geta lesið nótur, þó þau séu hvorki að læra á hljóðfæri né í kór. Þau læra nótnalestur og tónlistarsögu og allt sem tengist tónlist. Það er mjög sérstakt,“ útskýrir Bea. Kodály-aðferðin er kennd víðar en í Ungverjalandi, meira að segja í nokkrum skólum á Íslandi.

Hefðin er sömuleiðis rík innan fjölskyldu hennar. „Pabbi minn, sem var kórstjóri og þekktur tónlistarmaður í heimaborg minni, er úr fjögurra systkina hópi. Af þeim fjórum er ein óperusöngkona, einn píanókennari og einn jazzpíanisti. Afi var arkitekt og spilaði á fiðlu. Þau stofnuðu saman fjölskylduhljómsveit og spiluðu á dansleikjum. Ég á eina systur, sem býr í Reykjavík í dag og er kórstjóri Kvinnakórs Reykjavíkur. Við spilum mikið saman, en við vorum ekki nógu mörg til að geta verið hljómsveit,“ segir Bea og hlær. Hún

stofnaði sjálf hljómsveit með börnunum sínum, Hönnu, Aroni og Hilmar sem hefur komið fram undir nafninu Jojoo band þó að það sé ekki aðamarkmið hennar hennar. „Ég legg samt áherslu á að við spilum saman hérna heima,“ segir Bea.

Þrátt fyrir að tónlistarhefðin væri svo sterk innan föðurfjölskyldu Beu, var það frekar móðir hennar, sem er lögfræðingur, sem hvatti hana til áframhaldandi tónlistarnáms. Raunin varð að hún nam píanóleik og kórstjórn við Tónlistarakademiuna í Búdapest í fimm ár.

Atvinnutilboð í partíi

Það var í Tónlistarakademíunni sem hún kynntist manninum sem bauð henni svo starf á Íslandi. „Hann var Íslendingur, Gunnsteinn Ólafsson, sem var í námi úti. Við urðum ágætis vinir. Við vorum í partíi eftir burtfarar-tónleikana mína og þar bauð hann mér vinnu. Ég var nú reyndar alveg viss um að það væri bara einhver partíbrandari. Hann sagði – komdu til Íslands að vinna! Ég sagði bara, já, elskan mín, ég geri það bara! Svo hélt ég að það væri búið,“ segir Bea og hlær að minningunni.

„Tveimur vikum seinna fékk



ég svo bréf frá honum, með atvinnuumsókn. Þá brá mér nú svolítið. Mér datt ekki í hug að hann væri að meina þetta og hafði ekkert hugsað alvarlega um þetta. Ég vissi ekki einu sinni hvað Ísland var þá! Ég vissi að höfuðborgin hétí Reykjavík og ég var búin að heyra af Vigdísí Finn-bogadóttur. En fyrir utan það vissi ég bara að það væri líklega mjög kalt á þessu landi,“ segir Bea brosandí.

Hún segist hafa verið lítt heilluð af tilboðinu. „Mamma mín sagði mér að prófa þetta og fara í eitt ár. Svo ég kom, en var alveg harðákveðin í að fara aftur heim eftir árið!“

Fyrsti veturinn erfiður

Bea kom til Íslands 1. október 1986. „Daginn áður en ég fór var ég í sólbaði við ána heima, þetta var mjög heitt haust í Ungverjalandi. Það fyrsta sem ég gerði á Íslandi var svo að detta á svellinu við Keflavíkurflugvöll,“ segir hún og hlær við.

Veður var slæmt og fyrstu fjóra daga Beu í Reykjavík var ekkert flogið. „Ég var bara veðurteppt. Ég hélt að þetta væri eitthvað alveg sérstakt ástand. Þegar snjórinn kom hugsaði ég með mér, nei, þetta hlýtur nú að vera mjög sérstakt, þetta hlýtur að lagast. En svo gerðist það aldrei,“ segir hún brosandí.

Upphaflega stóð til að Bea tæki við stjórn kórs í Reykjavík. „Alveg þangað til í ágúst hélt ég

að ég væri að fara til Reykjavíkur, en svo breyttist það alveg á síðustu mínútu. Kórnum bauðst íslenskur kórstjóri og þau vildu það frekar – af því að útlendingur væri líklegri til að fara eftir eitt eða tvö ár. Svo fór þetta nú reyndar þannig að Íslendingurinn hætti eftir eitt ár en ég er búin að vera í landinu síðan,“ segir Bea.

Hún hélt því vestur á Ísafjörð, þar sem henni hafði boðist staða sem organisti og kórstjóri Sunnukórsins. „Þegar það kom í ljós að ég og Sunnukórinn ættum sama afmælisdag, 25. janúar, lá þetta nú bara beint við. Þetta átti bara að smella svona saman,“ segir Bea og brosir.

Sunnukórinn fyrsta ástin

Á þeim árum sem Bea hefur búið og starfað á Ísafirði hefur hún komið víða við. Hún stýrði Sunnukórnum, stúlknaður Tónlistarskóla Ísafjarðar, Hlífarkórnum í tvö ár, var organisti á Ísafirði og í Súðavík og kenndi jafnvel tónmennt í grunnskólanum í eitt ár. „Það var reyndar aðeins of snemma. Ég talaði ekki nógu góða íslensku þá. Hálfur tíminn fór í að ég útskýrði fyrir kennaranum hvað ég vildi að krakkarnir gerðu, og hinn helmingurinn í að hann útskýrði það fyrir krökkunum,“ segir Bea og hlær við.

Hún segir kórstarfið hafa verið mjög gefandi. „Ég var í um níu ár með Sunnukórnum og þykir

mjög vænt um þann kór. Hann er svolítið eins og fyrsta ástin,“ segir Bea og brosir. Hún hafði sömuleiðis umsjón með Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar, sem stofnaður var til að flytja stærri verk. „Við fluttum til dæmis Messías Händels og Requiem eftir Mozart. Það var mjög skemmtilegt fyrir mig líka, að fá að vinna með svona stór verk og prófa mig svolítið í því,“ segir Beata.

Hún hóf sömuleiðis snemma störf sem píanókennari í Tónlistarskóla Ísafjarðar, þar sem hún starfar enn. „Mér finnst verulega gaman að kenna, það gefur mér mjög mikið. Kórastarfið er líka skemmtilegt, en það tekur milljón sinnum meiri orku frá mér líka. Það er alltaf erfitt að vinna með svona mörgum,“ útskýrir Bea.

Í dag er það KarlaKórinn Ernir sem nýtur starfskrafta hennar. „Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert, að vinna með þeim. Andinn í kórnum er mjög góður. Það er virkilega skemmtilegt tilfinning að stjórna fjörutíu körlum – manni líður stundum eins og Marilyn Monroe þarna fyrir framan þá!“ segir Bea. Kórinn hefur nú nýlengið við upptökur á jólaþlátu sem komin er í verslunir.

„Þetta eru níttján jólalög, sex íslensk og þrettán erlend. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt vinna og við erum búin að vera í jólaskapi alveg síðan í september,“ segir hún brosandí.

Erfiðasta tungumálið

Eftir rúmra tveggja áratuga búsetu á Íslandi talar Bea afskaplega góða íslensku. Hún segir tungumálið þó afar erfitt. „Ég hef lært ítölsku, ensku, frönsku og rússnesku og mér finnst ekkert af því jafn erfitt og að læra íslensku! Mér finnst fátíðlegt að hafa verið hér í meira en tuttugu ár og tala samt ekki alveg rétt,“ segir hún og hristir höfuðið.

Ungverska og íslenska hafa á stundum verið nefndar erfiðustu tungumál í heimi og Bea nýtur góðs af því á sumum sviðum. „Ég held að framburðurinn minn sé alveg ágætur. Ungverska er líka alltaf með áherslu á fyrsta atkvæði í hverju orði og við erum með svipaða sérhljóða. En að orð skuli vera kvenkyns og karlkyns og hvorugkyns, ég hef ekki nokkra tilfinningu fyrir því,“ segir Bea og skellir upp úr.

Hún á sér uppáhalds íslenskt orð sem hún segir forvitnum blaðamanni frá. „Fyndnasta íslenska orðið finnst mér vera „gestrisni“. Það hljómar alveg rosalega rússneskt,“ segir hún kímín. „Og svo fannst mér líka mjög fyndið þegar við vorum að vinna með Söngvaseið. Þá var alltaf verið að segja „nunnunum“. Það finnst mér líka fyndið orð,“ segir hún að lokum og hlær.



Kaffistofugestir í Vélsmiðju Ísafjarðar fögnuðu útgáfu bókarinnar Það svíkur ekki Bragakaffið eftir Þorleif Ágústsson.

Bragakaffi fagnað í Bragakaffi

Það var mikið hlegið á kaffistofunni í Vélsmiðju Ísafjarðar þegar kaffistofugestir fögnuðu útgáfu bókarinnar *Það svíkur ekki Bragakaffið* eftir dr. Þorleif Ágústsson. Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna, byggir hún á sögum sem eiga uppruna sinn á kaffistofunni sem jafnan er kennd við eigananda vélsmiðjunnar, Braga Magnússonar, og kölluðu Bragakaffi.

„Þó hafa sumir leyft sér að kalla hana Svörtuloft vegna þeirrar meintu svartsýni sem þar ku stundum ríkja. En fastagestir Bragakaffis voru síður

en svo þungir á brún þegar þeir glugguðu í nýju bókina og skemmtu þeir sér hið besta yfir þessari villeysu eins og þeir kölluðu bókina,“ segir í tilkynningu.

Sérstaka athygli vöktu myndir af söguhetjunum við ýmsar aðstæður en listamaðurinn Ómar Smári Kristinnsson tók að sér að myndskreytta bókina. „Vafalaust munu einhverjir efast um sannleiksgildi sumra þeirra sagna sem í bókinni eru en eins og þeir segja í Bragakaffi þá skal heldur hafa það sem betur hljómar,“ segir í tilkynningu. – *thelma@bb.is*

Mikil aukning í umferð til Vestfjarða

Sá stórfelldi samdráttur sem verið hefur í umferð á hringveginum svokallaða milli ára og fjallað var um í fréttum fyrir stuttu, nær ekki til Vestfjarða. Þvert á móti hefur umferð til Vestfjarða aukist um 5% fyrstu ellefu mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Umferð um hringveginn dróst hins vegar saman um ríflega 4% milli ára og þá mest á Suðurlandi eða um 8,2%. Tölur fyrir Vestfirði koma frá tveimur talningarstöðum, annars vegar við Ögur í Ísafjarðardjúpi og hins vegar á Klettshálsi í Barðastrandarsýslu. Í byrjun desember höfðu 60.205 bílar ekið fram hjá Ögri frá áramótum og um 27.065 bílar höfðu ekið um Klettsháls.

Athygli vekur að á meðan umferðin um Ögur eykst umtalsvert á milli ára eða um 13%, er mikill samdráttur í umferð um Klettsháls eða 11%. Leiða

má líkum að því að nýr vegur um Þröskulda eða Arnkötludal, sem tekin var í notkun seinni part síðasta árs, skýri að hluta til þetta misræmi. Þá hafa einnig verið umtalsverðar vegaframkvæmdir Vesturvegi um Barðaströndina í ár sem kunna að hafa dregið úr umferðinni.

Eins og gefur að skilja er umferðin margfalt meiri yfir sumartímann. Þannig óku ríflega 32 þúsund bílar fram hjá Ögri yfir sumarmánuðina þrjá sem er meira en helmingurinn af umferðinni yfir árið. Aukningin umferðar yfir sumarið í Ögri var 15% sem er gríðarlega mikil og þá sér í lagi í samamburði við samdráttinn annars staðar á landinu. Samdrátturinn í umferð um Klettsháls var nær 20%, en sumarið 2009 keyrðu ríflega 20 þúsund bílar yfir hálsinn en í ár voru þeir aðeins rúm 16 þúsund talsins.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Bolungarvíkurkaupstaður

Aðalstræti 12 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Landsbankinn

Pólgötu 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



VÍSIR HF

Þingeyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Pólgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 5 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



SPARISJÓÐUR
Bolungarvíkur

Aðalstræti 14 • Bolungarvík – Aðalgötu 8 • Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Íslandspóstur hf

Hafnarstræti 9-11 • Ísafirði

Tekjur Bolungarvíkur úr Jöfnunarsjóði lækka um 26%

Gert er ráð fyrir að A-hluti bæjar sjóðs Bolungarvíkur skili 5,4 milljóna króna hagnaði samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lagt var fram til fyrri umræðu fyrir helgi. Reiknað er með að sami hagnaður 5,4 milljóna kr. verði af rekstri A- og B hluta samstæðunnar en með óreglulegum tekjum í B-hluta er reiknað með að hagnaður samstæðunnar verði 78,4 milljónir kr. „Í þessari útgáfu áætlunarinnar er ekki reiknað með tekjum og gjöldum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga um áramót, en mikil vinna hefur verið innt af hendi af starfsmönnum, velferðarráði og fleirum vegna yfirfærslunnar. Upplýsingar um væntanlega þjónustubörf liggja nú fyrir og verður hægt að setja fram áætlun fyrir bæði tekjur og kostnað vegna málaflokksins fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Í raun er því verið að gera ráð fyrir því hér að tekjur vegna málaflokksins séu jafnar útgjöldum,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur í stefnuræðu sinni.

Áætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur, þar með taldar tekjur úr Jöfnunarsjóði, verði 407 milljónir kr í samanburði við 455 milljónir árið á undan. Þær dragast því saman um 11%. Munar þar mest um áætlaða lækkun tekna úr Jöfnunarsjóði, en áætluð lækkun frá fjárhagsáætlun fyrra árs er 32 milljónir kr. eða 25%.

Þjónustutekjur verða samkvæmt áætluninni 205 milljónir kr. og hækka um 5,5 milljónir kr. frá áætlun 2010. Veltufé frá rekstri A-hluta er 39,4 milljónir kr. en 58 milljónir kr. frá rekstri samstæðunnar. Gert er ráð fyrir að fjárfest sé fyrir 88 milljónir kr. á árinu og munar þar mest um fjárfestingu í snjóflóðavörnum 50 milljónir. Reiknað er með að skuldir og skuldbindingar samstæðunnar verði 1.001,9 milljónir kr. í árslok 2011, en þær voru 1.116 milljónir í árslok 2009.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að útsvarsprósenta ársins 2011 verði 13,28% sem er lögbundið hámark. Á árinu 2010 var útsvarið 13,94%, vegna 5% álags á útsvar. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur ársins verði 289 m.kr. samanborið við 297 m.kr. í áætlun 2010.

Reiknað er með að tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði 89 milljónir kr. á árinu 2011, en

áætlun ársins 2010 gerði ráð fyrir 121 milljóna kr. lækkun á milli ára en er því 32 milljónir kr. eða um 26%.

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) er 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði í eigu ríkisins (B) og aðrar fasteignir (C) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Vatnsgjald er 0,40% og holræsagjald 0,30% af fasteignamati húss og lóðar, en lóðarleiga 1% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús en 2% af fasteignamati lóðar fyrir aðrar lóðir. Sorphreinsigjald er 16.170 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 18.480 kr/íbúð og hækka þau gjöld því um 5% á milli ára. Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur ef öll fasteignagjöldin eru greidd fyrir 20. febrúar 2011. Sorphreinsi- og sorpeyðingarmálin eru nú til skoðunar og verður væntanlega farið í talsvert meiri flokkun á sorpi en nú tíðkast í sveitarfélaginu, en með því má lækka kostnað við urðun eða brennslu.

Engin hækkun er á gjaldskrá leikskóla, tónlistarskóla, heilsdagsskóla, mótuneyti og heimaþjónustu. „Öðrum gjaldskrárhækkunum er mjög stillt í hof, en dæmi um hækkanir eru afleiddar hækkanir af orkusölu 14,6% hjá Bolungarvíkurhöfn, vegna hækkana frá Orkubúi Vestfjarða, aðrir liðir gjaldskrár Bolungarvíkurhafnar eru óbreyttir. Nýmæli í gjaldskrá hafnarinnar er að tekið er upp farþegagjald fyrir 12 ára og eldri sem ferðast með farþegabátum,“ segir í stefnuræðunni. Vatnsveita, gatnagerðargjöld og framkvæmdaleyfi hækka samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar eða um 1%.

Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar tekur verulegum breytingum, sérstaklega hvað varðar árskort í sund. Árskort í sund fyrir fullorðna lækka úr 31.250 kr. í 13.900 kr. Þá er tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á árskort í sund fyrir börn á aldrinum 7 til 18 ára sem kostar einungis 2.500 kr. Jafnframt hefur verið ákveðið að veita nemendum Grunnskóla Bolungarvíkur árskort í sund sem gjaldfært verður sem frístundastyrkur. Þannig munu börn á grunnskólaaldri áfram fá frítt í sund, en árskort í sund fyrir unglinga á aldrinum 16 til 18 ára lækkar úr 31 þúsundi í 2.500 krónur.

– thelma@bb.is



Bolungarvík.

Gleðileg jól!

Dingmenn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Norðvesturkjördæmi óska íbúum kjördæmisins og lesendum Bæjarins besta gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Við þökkum samstarfið og stuðninginn á árinu sem er að líða.

Jón Bjarnason
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Ásmundur Einar Daðason
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
Telma Magnúsdóttir



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð



74 bílslys voru á Vestfjörðum fyrstu níu mánuði ársins.

Bílslysum fækkar á Vestfjörðum

Ekkert banaslys var í umferðinni á Vestfjörðum á fyrstu níu mánuðum ársins, að því er kemur fram í tölum frá Umferðarstofu. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2003 sem ekkert banaslys er í fjórðungnum á framangreindu tímabili. Bílslysum á fyrstu níu mánuðum ársins fækkað einnig umtalsvert miðað við sama tíma í fyrra. Á tímabilinu janúar-september voru voru 74 bílslys en á sama tíma í fyrra voru þau 98. Talning slysa nær til ársins 2002 og hafa slysin hafa aldrei verið jafn fá frá því að talningar hófust.

Flest slys voru árið 2003 eða 139 talsins á fyrstu níu mánuði

ársins, sem er nær tvöfalt fleiri en á sama tímabili í ár. Fækkunin nær fyrst og fremst til umferðaróhappa þar sem engin meiðsli hlutust, en þau voru 57 í ár miðað við 76 árið 2009. Slys með litlum meiðslum eru nokkuð færri í ár miðað við síðasta ár eða 11 í ár en 17 í fyrra.

Alvarlegum bílslysum fjölgaði hins vegar nokkuð milli ára en þau voru sex talsins fyrstu níu mánuði þessa árs en fjögur á sama tíma í fyrra. Samtals slösuðust 19 einstaklingar í umferðarslysum á tímabilinu janúar-september í ár þar af sex alvarlega en 13 lítillega. Á sama tíma í fyrra voru þeir 31 talsins, fimm alvarlega slasaðir en 26 lítillega. Fæstir slösuðust hins vegar árið 2005 þegar tveir slösuðust alvarlega og sex lítillega. – kte@bb.is

Starfshópur um byggðamerki

Skipaður hefur verið starfshópur um nýtt byggðamerki fyrir Ísafjarðarbæ. „Frá því að Ísafjarðarbær var stofnaður hafa verið gerðar fjölmargar tilraunir til að finna bænum eitt byggðamerki án þess að þær tilraunir hafi borið árangur. Í dag er byggðamerki bæjarins samansett úr byggðamerkjum fjögurra af átta f.v. sveitarfélögum bæjarins,“ segir í greinargerð með tillögu um að slíkur starfshópur yrði skipaður sem samþykkt var í nóvember.

Eftirtaldir einstaklingar skipa starfshópinn: Guðrún M. Karlsdóttir á Ísafirði, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir í Hnífsdal, Eiríkur Finnur Greipsson á Flateyri og Sæmundur Kr. Þorvaldsson í Dýrafirði. Bæjarráð fól Eiríki Finni Greipssyni, sem jafnframt er formaður ráðsins, að kalla hópinn saman. – thelma@bb.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Súðavíkurbær

Grundarstræti 3 • Súðavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Byggðastofnun

Ártorgi 1 • Sauðárkrúki

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



ÍSLANDSSAGA


Fiskvinnslan Íslandssaga hf Freyjugötu 2 430 Suðureyri S. 456 6300 F. 456 6304

Frystihúsi breytt í listahús

Hópur listamanna er að koma upp listahúsi í húsnaði Norðurtangans á Ísafirði. Félagarnir leita nú að fólki sem vill deila þessu verkefni með þeim og segja möguleikana fyrir nýtingu hússins vera óendanlega. „Það sem rak okkur af stað var skortur á vinnustofum og húsnaði fyrir hljómsveitir,“ segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, einn listamannanna sem hefur aðsetur í húsinu. Meiningin er að aðstaða verði leigð til listamanna í húsinu gegn sanngjörnu verði.

„Fólk sem hefur listina sem áhugamál á að geta staðið undir þessu. T.d. ef einhver er einn heima að mála getur hann komist inn með stæði í sal hér. Það er mikið skemmtilegra og meira gefandi að vera innan um aðra,“ segir Matthildur. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband en fyrst um sinn verður leigan í formi vinnu við að gera upp húsið.

Húsið er ætlað listamönnum af öllum stærðum og gerðum. „Mjög gaman verður að fá ólíka listamenn undir sama þak og þannig leiða saman leikarana, ljósmyndara og listmálara og hvað eina. Það gætu komið nýir og spennandi hlutir út úr því,“ segir Matthildur.



Meðal þess sem hýst er í Norðurtangahúsinu er fyrsti leiklistarskóli Vestfjarða sem rekinn er af Kómedíuleikhúsinu. Mynd: Ágúst G. Atlason.

Meðal þess sem nú þegar er komið með fast aðsetur í húsinu er Kómedíuleikhúsið, eina atvinnuleikhús Vestfjarða. Elfar Logi Hannesson segist telja að

verið sé að auka verðmæti hússins með því að fylla það lífi og menningu. „Hér getur fólk komið saman til að skapa menningu í sátt og samlyndi. Það vantaði

aðstöðu fyrir einrykjana sem eru að dútla heima í stofu en eru samt að gera mjög áhugaverða hluti.“

– thelma@bb.is



Skólagata 10.

Vill selja og leigja sjö fasteignir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að auglýsa sjö fasteignir bæjarins til sölu eða leigu. Eignirnar eru staðsettar á Ísafirði, Þingeyri og í Hnífsdal.

Þær eru Skólagata 10 á Ísafirði, leikskólinn Bakka-skjól í Hnífsdal, Kaupfélagshúsið á Ísafirði, áhaldahúsið á Þingeyri, bæjarskrifstofurnar á Þingeyri, Silfur-gata 5 á Ísafirði sem kallað er Straumshús í daglegu tali og íbúð að Sundstræti 14 á Ísafirði eða svokölluð Kálfa-vík. Var tillaga um að leitast eftir sölu eða leigu eignanna samþykkt samhljóða á síðasta bæjarstjórnarfund.

Breytingar á gjaldskrár íþróttamannvirkja

Taka gildi 1. janúar 2011



Það eru ár og öld síðan árskortin voru ódýrari. Komdu með, í sund, á skíði og í líkamsrækt. Greiðsludreifing í boði. Nánari upplýsingar á bæjarskrifstofunni.

Sundlaugar

	Fullorðnir	Börn 6-18 ára	Aldraðir/öryrkjar
1 skipti	490 kr.	250 kr.	250 kr.
10 skipti	3.775 kr.	1.925 kr.	1.925 kr.
30 skipti	8.820 kr.	4.500 kr.	4.500 kr.
Árskort	14.000 kr.	2.500 kr.	2.500 kr.

Líkamsrækt

	Fullorðnir	Börn 16-18 ára	Aldraðir/öryrkjar
1 skipti	400 kr.	200 kr.	200 kr.
Mánuður	2.000 kr.	1.000 kr.	1.000 kr.
3 mánuðir	5.000 kr.	2.500 kr.	2.500 kr.
Árskort	13.000 kr.	6.500 kr.	6.500 kr.

Skíðasvæði

	Fullorðnir	Börn 6-18 ára	Aldraðir
Svigskiði			
Barnal. 1 dagur	1.000 kr.	500 kr.	500 kr.
½ dagur	1.300 kr.	600 kr.	600 kr.
1 dagur	1.900 kr.	800 kr.	800 kr.
10 dagar	16.245 kr.	6.840 kr.	6.840 kr.
Árskort	11.000 kr.	2.500 kr.	10.000 kr.
Gönguskiði			
1 dagur	500 kr.	150 kr.	200 kr.
Árskort	11.000 kr.	2.500 kr.	10.000 kr.

Súperpassar

Kauptu fleiri en eitt árskort og fáðu 20% afslátt

Sund&Skíði	20.000 kr.
Sund&Líkamsrækt	21.600 kr.
Allur pakkinn	30.400 kr.
Sund, líkamsrækt og skíði	

Parapassar

Hjón eða fólk í sambúð kaupir kortin saman og fær 10% afslátt

Sund	25.200 kr.
Skíði	19.800 kr.
Líkamsrækt	23.400 kr.

Súper-parapassar

Hjón eða fólk í sambúð kaupir fleiri en eitt árskort saman og fær 20+10% afslátt

Sund&Skíði	36.000 kr.
Sund&Líkamsrækt	38.880 kr.
Allur pakkinn	54.720 kr.
Sund, líkamsrækt og skíði	

FALL RÚNARS

Eftir Bjarna Brynjólfsson

Myndir: Gunnar Gunnarsson og úr einkasafni Rúnars og Örnú.

Rúnar Þórisson sendi nýverið frá sér sólplötuna *Fall* sem er hans önnur sólplata og er til-einkuð móður hans Guðmundu Jóhannsdóttur. Rúnar er giftur Örnú Vignisdóttur, textilhönnuði frá Ísafirði, en hún rekur verslunina Nostrum við Skólavörðustíg ásamt tveimur öðrum fatahönnuðum. Saman eiga þau þrjú börn, Þóri Rafnar og dæturnar Láru og Margréti sem eru óðum að skapa sér nöfn í tónlistarheiminum. Fyrir á Rúnar soninn Hilmar Snæ.

Við hittumst á dimmu desemberkvöldi heima í notalegu hreiðri Rúnars og Örnú í Kópavogi, nokkrum kvöldum eftir tónleika Rúnars og Láru á Rósenberg í tónleikaröðinni Fuglabúrið. Þar voru m.a. fluttir gömlu Grafík-smellirnir *Húsið og ég* og *Vídeó* í nýjum útsetningum. Eiginlega voru þetta fjölskyldutónleikar. Lára hóf leikinn og flutti frumsamið efni, eiginmaður hennar Arnar Þór Gíslason spilaði á trommur, Margrét söng bakraddir og kærasti hennar Birkir Rafn Gíslason spilaði á kassagítar. Svo kom Rúnar á svið og flutti nokkur lög af plötum sínum ásamt sömu hljómsveit þar sem báðar dæturnar sungu með, þar af nokkur lög af nýju plötunni sem hljómuðu afar vel í lifandi flutningi. *Fall* hefur fengið afbragðs góða dóma hjá gagnrýnendum. Enda er þetta vandaður gripur og valinn maður á hverju hljóðfæri. Tónlistin dálítið dökk og tekur dálitinn tíma að síast inn. Ef til vill er *Fall* ekki fyrir þá sem kjósa helst instant upphelling heldur frekar fyrir tónlistarunnendur sem vilja sterkan espressó úr alvöru brenndum og möluðu. Á *Fall* er nefnilega nostrað við hvern tón.

– *Það halda margir að þú sért Ísfirðingur sem þú ert ekki. Hvaðan ertu?*

„Ég hef oft verið spurður að því hvort ég sé Ísfirðingur en ég er fæddur í Sólvangi í Hafnarfirði 1955. Fjölskylda mín bjó þar fyrstu sex árin. Síðan vorum við á flakki á milli landshluta alveg fram á unglingsár. Ég bjó á Egilsstöðum, Sandgerði, Grundarfirði og svo Kópavogi á mínum æsku-árum.”

– *Þú hefur verið orðinn alveg gegnsúrsaður landsbyggðar-maður strax í barnesku?.*

„Já, eiginlega má segja það. Þegar ég kom loksins á Ísafjörð

var ég orðinn vel sjóaður. Þetta flakk á okkur snerist allt um þá atvinnu sem faðir minn Þórir Sæmundsson hafði hverju sinni. Eftir að hafa starfað í Hafnarfirði varð hann útibússtjóri í kaupfélaginu á Egilsstöðum. Seinna var hann ráðinn sem sveitarstjóri í Sandgerði en eftir að nýr meirihluti komst til valda þar var hann ekki endurráðinn og þurfti þá að leita sér að nýju starfi. Hann varð kaupfélagsstjóri á Grundarfirði og svo loksins framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins í Reykjavík.”

– *Var þetta erfitt fyrir þig?*

„Ég var frekar hvektur á þessu. Í hvert skipti sem maður flutti af einum stað þurfti maður að byrja upp á nýtt, var kannski búinn að ná að mynda góð tengsl við vinahóp í einu bæjarfélaginu þegar fjölskyldan reif sig upp og flutti í annað. Ég man að það lagðist ekki vel í mig að þurfa að flytja.”

– *Þú hefur kannski haft gott af þessu raski. Það hefur ef til vill þróað í þér listamannstauginu?*

„Hver veit. Það kom alla vega í mann eitthvert flökkueðli. Á tímabili hafði ég varla tölu á þeim stöðum sem ég hafði búið á. Þeir voru fleiri en árin sem ég hafði lifað. Svo skilja foreldrar mínir þegar ég var 17-18 ára. Þá fór ég að heiman á flakk á milli herbergja, fyrst í Reykjavík en svo á Ísafirði. Um tíma leigði ég herbergi í Templarasundi beint á móti Tjarnarbúð sem kom sér nú ágætlega um helgar.”

– *Hvernig var tónlistarlegu uppeldi þínu háttað?*

„Ég var einn af þeim sem fór í tónlistarskóla en hætti alltaf. Það er að sumu leyti ágætt, því núna skil ég nemendur mína sem lenda stundum í þeirri aðstöðu að vilja gefast upp. Sem barn byrjaði ég að læra á blokkflautu, klarinett, trompet og gítar. Ég fékk gítar í jólagjöf frá foreldrum mínum þegar ég var tíu ára og glamraði eitthvað á hann, en bæði pabbi og mamma spiluðu á gítar og sömdu lög. Svo ætlaði ég að taka þetta föstum tökum á unglings-árunum en það stóð ekki lengi yfir því þá tók rokkið yfir. Þegar ég loksins byrjaði að læra af alvöru á klassískan gítar var ég með eldri hljóðfæranemendum mér samferða. Árið 1989 lýk ég svo einleikara- og kennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D Kristinssonar og fer með fimm manna

fjölskyldu til Svíþjóðar í framhaldsnám.”

– *Hvenær kemur samstarfið við Rabba til sögunnar?*

„Ég var fenginn til að spila á gítar í hljómsveitinni Haukum og þar kynnist ég Rabba fyrst. Við Rabbi vorum þarna tveir hvítvoðungar með Magnúsi Kjartanssoni og Gunnlaugi Melsteð, en þeir voru töluvert sjóaðri í popp-bransanum en við. Við kynntumst ýmsum hliðum á bransanum í þeirri hljómsveit og lífervinu eins og það getur stundum orðið. Á þessum tíma spiluðu Haukar m.a. á stærsta dansleik sem ég hef spilað á. Það var í Árnosi í Hreppum um Verslunarmannahelgi. Þetta var risastórt ball og stöðugt gegnumstreymi í gegnum húsið. Mikill hiti og sviti. Annars var ég aldrei mjög spenntur fyrir þessum ballbransa. Hann var allt í lagi í hófi.

Við Rabbi náðum hins vegar strax vel saman, bæði vegna þess að við vorum yngri en hinir í hljómsveitinni og eins vegna þess að Rabbi var ákaflega opin og heillandi persóna. Við tengdumst fljótlega mjög sterkum vinaböndum. Eiginlega gengum við í tónlistarlegt fóstræðralag.

Rabbi hafði mikil áhrif á líf mitt bæði í einkalífinu og á tónlistar sviðinu. Hann plataði mig vestur á Ísafjörð og fékk mig með sér í hljómsveitina Ýr. Síðan varð Danshljómsveit Vestfjarða til upp úr Ýr. Þetta var mjög góður tími en við lok ferils Danshljómsveitarinnar var ég eiginlega við það að hætta í bransanum. Þá fannst mér botninum náð, hundleiður á að spila ábreiðutónlist og á böllum.”

– *En hvað gerðist þá?*

„Við Rabbi og Örn Jónsson fórum saman upp á loft í Félagsheimilinu í Hnífsdal og fórum að reyna að skapa okkar eigin tónlist. Í fyrstu vorum við ekkert að hugsa um plötu heldur vildum við sjá hvort við gætum samið eigið efni. Þetta var á þeim tíma sem pönkið, nýbylgjan og öll sú gerjun var í gangi í kringum 1980. Þarna upp á loftinu urðu til þessi Grafíklög sem voru á fyrstu plötunni. Ég fann mig í þessu og þetta varð eiginlega hvatinn að því nokkru síðar að ég ákvað að helga mig tónlistinni, ekki bara sem poppmúsíkant heldur einnig að læra almennilega á hljóðfærið og vera með

það í höndunum daglega.”

– *Samdir þú mikið til lögin?*

„Ég átti hugmyndir sem ég hafði verið að fíkta við en flest lögin urðu til í spuna á milli okkar þriggja. Við bara djömmuðum saman og þarna urðu til grunnhugmyndir að lögunum á fyrstu plötunni Út í kuldann. Svo unnum við þetta áfram og ég samdi oftast melóðíurnar eða laglínurnar ofan á hugmyndirnar sem við fengum.

Vilberg Viggós, píanóleikari, kom síðan inn í hljómsveitina þegar við byrjuðum að taka upp og spilaði á plötunni. Ólafur Guðmundsson heitinn söng auk þess sem ég söng einhver laganna.

Rabbi var alltaf mjög tæknilega sinnaður og fljótur að til-einka sér nýjungar og að kaupa tæki. Við tókum fyrstu plötuna upp á 8 rása TEAC segulbands-tæki sem hann átti. Það voru ekkert margir sem áttu svona tæki hér á landi og ég man að Þursa-flokkurinn þurfti eitt sinn að fá það lánað hjá Rabba til að taka upp tónleika í Þjóðleikhúsinu.”

– *Grafíkevintýrið vatt heldur betur upp á sig.*

„Já, fyrsta tvær plöturnar vöktu nokkra athygli en það má segja að við höfum ekki slegið í gegn fyrr en á þriðju plötunni þegar Helgi Björns gekk til liðs við okkur.”

– *Önnur platan Sýn er mjög tilraunakennd.*

„Já, hún var það. Á þeirri plötu fórum við úr einu í annað. Hún er engu að síður forvitnileg að mörgu leyti en seldist ekki nema í rétt 200-300 eintökum held ég. Sú fyrsta seldist betur en báðar fengu þær fína dóma og umfjöllun, og sú fyrri reyndar erlendis líka. Þegar Helgi gekk til liðs við hljómsveitina tókum við meðvit-aða ákvörðun um að poppa músíkina upp og reyna að finna einhvern ákveðinn vinkel á hana og hætta þessum þreifingum sem höfðu verið áður.”

– *Þið voruð ekki dansiballa-band fyrr en Helgi kemur til sögunnar?*

„Við spiluðum alltaf eitthvað á böllum. Helgi var ráðinn að sumarlagi og við spiluðum mikið á böllum fyrir vestan þetta sumar áður en þriðja platan kom út. Helgi flaug vestur um hverja helgi því hann var fyrir sunnan að leika í Atómstöðinni. Um haustið fluttum við suður og

sömdum lögin sem fóru á plötuna Get ég tekið séns. Það gerðum við í kjallaranum á Söginni í Borgartúni á tiltölulega skömmum tíma. Svo fórum við í Hljóðrita og Sigurður Bjóla tók plötuna upp á 3-4 vikum. Fyrir vikið er hún mjög heilsteyp.”

– *Þarna verður smellurinn Húsið og ég til, eða hvað?*

„Húsið og ég varð einmitt til í Söginni. Það var svona reggífill-ingur á okkur og ég man að Helgi stökk til og kippti blaði upp úr tösku sem hann var alltaf með og þar var þessi texti bara tilbúinn eftir Vilborgu konu hans. Það vill svo skemmtilega til að textinn fjallar um húsið sem tengdafaðir minn Vignir Jónsson ólst upp í frá u.þ.b. 10 aldri og þar til hann fór að búa sjálfur. Fjölskylda hans bjó í þessu græna húsi.”

– *Sem gekk á þessum tíma undir nafninu Græna byltingin, því þar bjuggu róttækir ungir kennarar.*

„Já, það voru mörg skemmtileg partí haldin í þessu húsi á þeim tíma.”

– *Voru árin með Grafík gefandi tími, það er mikil gleði í þessari tónlist?*

„Þetta var mjög skemmtilegt tímabil og ég nærast ennþá á sköpunarþörfinni sem kviknaði á þessum tíma. Það skipti mestu máli fyrir mig að við vorum að flytja eigin efni og saum lögin verða til, útsett og gefin út á plötu. Þannig fær maður útrás fyrir sköpunarþörfina og það er hún sem heldur mér ennþá við efnið.”

– *Þú varst líka að vinna í versluninni Eplinu á þessum tíma og seldir Ísfirðingum plötur. Hvernig var það?*

„Ég tók við af Rabba sem hafði verið þarna. Maður hitti marga í búiðinni. Þarna fengust líka hljómtæki, Pioneer og Sharp. Á þessum tíma keypti ég sjálfur tvær til fjórar nýjar plötur í hverri viku og svo var farið heim til Rabba og hlustað, með smá viðkomu í Ríkinu fyrst. Rabbi bjó þá hjá mömmu sinni Rögnu Sólberg í Fjarðarstrætinu, blessuð sé minning hennar. Bjórinn var nú ekki kominn á þessum tíma, þannig að við opnuðum eitthvað annað og svo var setið við og hlustað á tónlist. Útsýnið út fjörðinn var stórkostlegt, Snæfjalla-ströndin beint á móti og sjórinn svarrandi beint fyrir utan glugg-

ann. Það var oft mikil stemmning hjá okkur félögum og tónlistin krufin til mergjar.”

– *Þetta er mikill blómatími á Ísafirði og mikið í gangi?*

„Já. Næg atvinna og böllin flott og stór á þessum tíma sem ekki gerist um hverja helgi í dag. Lífandi dansmúsík er almennt séð dálítið að hverfa. Á þessum tíma voru kannski böll á þremur stöðum í bænum á einu og sama kvöldinu, Hnífsdal, Gúttó og Sjallanum og kannski fullt út úr dyrum alls staðar.”

– *Ykkar höfuðvígi var fyrir vestan þótt þið næðuð alveg í gegn um allt land?*

„Já, ræturnar voru þar. Ég man eftir því að við gerðum eitt sinn myndefni með ónefndum kvikmyndagerðarmanni og vorum að ræða það hvernig við ættum að kynna hljómsveitina. Hann sagði að við ættum alls ekki að nefna það að hljómsveitin væri að vestan. Það gæti bara spillt fyrir. Landslagið hefur aldeilis breyst hvað þetta varðar. Mugison og margir fleiri sem eiga rætur úti á landi í tónlistinni skammast sín ekki fyrir það í dag og halda frekar uppruna sínum á lofti. Menn hafa síðustu ár verið að leita uppi afkimana í tónlist.”

– *Ég man líka eftir þér úr Menntaskólanum á Ísafirði.*


„Og ég eftir þér. Ég gleymi því ekki að það varst þú sem færðir mér þær fréttir að John Lennon hefði verið skotinn í New York árið 1980. Ég stóð á pallinum í stiganum í gamla menntaskólahúsinu [gamla barnaskólanum] og sagði bara: „Nei, það getur ekki verið. Helvítis fífl getur verið að ljúga þessu að okkur.” Ég var mikill aðdáandi Lennons og Bítlanna. George Harrison var líka frábær lagasmiður og á margar perlur. Ég hef hins vegar ekki verið eins mikill aðdáandi Pauls McCartneys.

Mín skólaganga var reyndar stórfurðuleg. Ég tók mér sjö ára frí áður en ég hóf nám í menntaskóla. Í millitíðinni var ég bara í hljómsveitum og að vinna eitt-hvað. Ég vann t.d. í hljómplötu-deild Fálkans um tíma. Ég byrjaði í Öldungadeild MH en fór síðan í MÍ og kláraði síðan stúdentsprófið utanskóla þar.”

– *En svo kynnistu líka konunni þinni á Ísafirði, henni Örne?*

„Ja, ég kynntist Örne reyndar fyrst í New York. Það var þannig að bróðir minn Jóhann, var við nám í flugvirkjun í Tulsa í Oklahoma í Bandaríkjunum. Rabbi sló til og ákvað að koma með mér til Bandaríkjanna að heimsækja hann. Á sama tíma var útskriftarhópur frá MÍ á ferð í New York. Við Rabbi fórum til Oklahoma en ákváðum síðan að hitta þau í New York. Rabbi og Dedda [Friðgerður Guðmundsdóttir eiginkona hans] voru þá orðin kærustupar. Þar kynnist ég Örne en hún var í sama hóp.





Ungur með rafgítar og hárgreiðslu í takt við tímann.



Rúnar og Arna með frumburðinn, Láru, sem nú getur sér gott orð sem söngkona og tónlistarmaður.



Grafík. Helgi, Rabbi og Rúnar rokka saman.



Bekkjarmynd úr MÍ. Rúnar er lengst til vinstri í efri röð.

Tveimur mánuðum síðar vorum við byrjuð að deita á Ísafirði. Ég varð bálskotinn í henni og hef verið það síðan.”

– *Þið Rabbi hafið verið miklir perluginir. Hélduð þið sambandi þar til yfir lauk hjá honum?*

„Já, við gerðum það. Við Arna fluttum til Svíþjóðar í fjögur ár, á meðan ég var í gítarnáminu, og þá var auðvitað minna samband en Rabbi heimsótti mig einu sinni þangað og Dedda reyndar líka. Við Rabbi vorum bara eins og bræður. Ég sakna hans gífurlega mikið. Ég hugsa oft um það hvað við værum að bralla saman í tónlistinni hefði hans notið lengur við. Við náðum að gera eina sólóplötu saman, *Í álögum* sem kom út 2002. Það var mikið áfall fyrir mig að missa hann.

Rabbi var gífurlega sterkur persónuleiki. Hann hafði mikla útgeislun og hæfileika til að laða að sér fólk. Ég hafði stundum smá minnimáttarkennd yfir því hvað hann geislaði mikið á meðan ég var alltaf frekar feiminn og inni í mér. Hann átti svo auðvelt með að eiga eðlileg og óþvinguð tjáskipti við hvern sem er. Maður hafði samt ákveðinn aðlögunartíma áður en hann fór, því hann gekk með sjúkdóminn lengur en flestir. Það var svo mikil barátta í honum en allir vissu hvernig þetta myndi enda.”

– *Svo var hann líka frábær trommari?*

„Já, og ekki bara það því hann var einnig mjög hugmyndaríkur tónlistarmaður. Hann var sífellt að fá nýjar hugmyndir en ég þurfti alltaf, eins og mín er von og vísa, að setja þær í endurskoðun. Svo loksins þegar ég var búinn að samþykkja hugmyndina var hann búinn að gleyma henni og kominn með aðra. Okkar samstarf var mjög gefandi.”

– *Segðu mér frá þessari plötu sem var að koma út núna. Ertu búinn að vera með hana lengi í maganum?*

„Forsagan er dálítið löng. Ég gaf út fyrstu sólóplötuna mína fyrir fimm árum sem hét *Ósögð orð og ekkert meir*. Hvatinn að henni var eiginlega sá að Rabbi ákvað að fara í pílagrímsför til Abbey Road hljóðversins í London ásamt nokkrum tónlistarmönnum. Ég var með í þeirri för. Þar var síðasta platan hans Rabba tekin upp. Eftir þessa ferð ákvað ég að gera eitthvað í mínum málum og samdi efni á þessa fyrstu sólóplötu mína sem kom út árið 2005.

Svo byrjaði ég á *Fall* fyrir svona þremur árum. Kveikjuna að henni má rekja til þess að ég samdi tónlist fyrir leikhúsið Draumasmíðjuna. Í tengslum við þá sýningu komu allmargar hugmyndir. Sumt notaði ég fyrir leikhúsið og annað ekki. En þarna fékk ég hugmyndir sem ég ákvað að þróa áfram.

Þessi plata hefur verið dálítið

tímafrek. Stundum hef ég orðið alveg brjálaður á þessu og langað til að henda öllu saman í ruslið. Svo hef ég tekið gleði mína aftur og sköpunargleðin hefur haft vinninginn. Þetta er svona ástar/haturssamband við listina. Maður getur nostrað við þetta endalaust. Á nýju plötunni er mikið um strengjautsetningar, þar sem ég nýti þekkingu mína úr tónlistarnáminu. Í nánast hverju einasta lagi á nýju plötunni skrifa ég eitthvað út fyrir strengi. Þótt ég sé fyrst og fremst þekktur sem gítarleikari er þetta alls ekki gítarplata. Þetta er miklu frekar plata tónlistarmanns, sem semur lög, texta og útsetur.”

– *Afhverju þetta nafn, Fall?*

„Það braust lengi í mér hvort ég ætti að hafa textana á íslensku eða ensku. Fyrri platan var á íslensku. Svo tók ég ákvörðun um að hafa textana á ensku. Mér finnst það stundum þjálfa í rokkmúsík þótt það sé sjálfsagt algjör vitleysa í mér. Mig langaði að finna titil sem gæti gengið bæði á ensku og íslensku. Ég var lengi að hugsa um titilinn *Lost*. Spessi vinur minn sagði mér hreinskilnislega, eins og hans er von og vísa, að sá titill væri algjörlega vonlaus. Einhvern veginn datt ég svo niður á *Fall* sem er jafnframt heiti á titillagi plötunnar og fjallar um hrúnið. *Fall* er hins vegar hugsað í víðara samhengi og vísar ekki aðeins til þessa efnahagslega og siðferðislega hruns sem varð hérna. Titillinn er líka persónulegur. Maður lifir og er alltaf í frjálsu falli og veit ekkert um það hvað fallið verður langt. Fall þýðir einnig haust á ensku og á haustin falla laufblöðin. Ég er kominn á sextugsaldur og á þeim aldri er lítillaga farið að hausta í lífinu. Maður fer að hugleiða tímann, takmörk hans og hverfuleika. Taktur tímans slær hraðar og hraðar og ég er svolítið upptekinn af því að hlusta á og halda í við þennan takt.”

– *Koma lagasmíðarnar til þín í draumi, eins og hjá sumum tónlistarmönnum?*

„Þetta eru svona lítil frjókorn til að byrja með, ein lítil hugmynd sem verður síðar að lagi. Kannski er þetta bara eitthvert þrástef á gítarinn í upphafi. Síðan bý ég til eitthvað í kringum það og þetta vex einhvern veginn. Yfirleitt enda ég á því að búa til sungnu laglínuna. Lagasmíð er svona eins og að byggja hús. Fyrst kemur grind og svo verður húsið til smám saman. Textinn kemur oftast síðast, eins og innréttingar. Það að semja texta getur verið gífurlega erfitt því ég er ekki ljóðskáld. Ég legg þó áherslu á þá því textar og konsept skipta mig miklu máli. Þeir verða að endurspegla hugsun manns og líf einhvern veginn. Míni textar eru frekar persónulegir, vangaeltur um lífið og tilveruna.

Síðustu ár hef ég orðið fyrir

ákveðnum missi þó að hann sé áreiðanlega minni heldur en hjá mörgum. Það mótar mann gríðarlega í lífinu. Ég missti föður minn, hann var aðeins 57 ára þegar hann dó. Svo missti ég Rabba 2004 og svo fyrir þremur árum missti ég annan góðan vin minn, Jón Gunnar Grétarsson, fréttamann á RÚV. Við kynntumst úti í Lundi þar sem við vorum báðir við nám. Hann fékk heilaæxli og fór tiltölulega hratt. Síðan missti ég hálfbróður minn, Þóri Örn, skömmu síðar. Hann varð bráðkvaddur í kjölfar ofneyslu. Þetta mótar þankagang manns ofboðslega mikið og endurspeglast held ég í textunum. Lífið og hugsunin um takmörk þess breytir manni mikið. Um leið kemur annað sem vegur á móti sem er það að ég hef verið að eignast barnabörn. Það er hinn kveikiþráðurinn í sköpunarferlinu, að upplifa og finna þessa hlýju sem skapast á milli fullorðins og barns. Ég á orðið þrjú barnabörn. Lára og Arnar eiga eitt þeirra og svo á sonur minn Hilmar Snær sem ég eignaðist áður en ég kynntist Örnun tvö börn með Guðrúnu Fjólun Guðbjörnsdóttur.”

– *Það er mikil sköpun í fjölskyldunni, eru allir krakkarnir ykkar á kafi í tónlist?*

„Strákurinn okkar, Þórir Rafnar, spilar á gítar og kunnir eiginlega bara á hann um leið og hann fékk hann í hendurnar. En hann hefur ekki dottið í tónlistina eins og stelpurnar. Lára hefur hins vegar gefið út þrjár sólóplötur. Það var svona svipað með hana eins og Grafík. Fyrstu tvær plöturnar voru ekkert mjög grípandi. Einkum og sérílagi önnur platan hennar þar sem hún var mjög leitandi. Á þriðju plötunni hennar *Surprise* er hins vegar mjög aðgengileg músík sem hefur notið vinsælda. Lára er með mjög öflugan umboðsmann í Bretlandi sem hefur verið að koma henni á framfæri erlendis og það er hreyfing á hennar málum. Hún hefur tvívegis farið til Londona að spila á þessu ári og mun nú í janúar n.k. spila á tónlistarhátíðinni Eurosonic í Hollandi. Margrét er líka að hasla sér völl í tónlistinni. Hún er í hljómsveitinni Lifun sem var að gefa út sína fyrstu plötu og hefur átt lög í toppsætum vinsældarlista Rásar 2. Lára byrjaði að syngja inn á þessa plötu en svo tók Margrét við og kláraði hana.”

– *Hafa þær tónlistarhæfileikana frá föðurnum?*

„Ég segi nú alltaf að músíkhæfileikarnir séu frá móðurinni því að ég hafi enga hæfileika. Þetta er bara áunnið hjá mér. Tónlistarhæfileikar liggja ekkert endilega hjá þeim sem læra tónlist. Þú getur haft meiri hæfileika en ég án þess að vita af því vegna þess að þú hefur ekki lært á hljóðfæri. Erfðabundnir tónlistarhæfi-



Rúnar ásamt fjölskyldu sinni. Frá vinstri: Margrét, Arna, Þórir Rafnar, Rúnar og Lára.

leikar stelpnanna geta því allt eins verið frá Örnú. Uppeldislega hafði ég kannski áhrif á að þær fóru að iðka tónlist. Börnin mín ólust upp við það að ég var annað hvort að taka upp, semja lög eða æfa mig á klassískan gítar. Þegar ég æfði mig hvað mest vöknúðu þau við það klukkan átta á morgnana. Þannig að þær hafa alist upp við tónlistariðkun á heimilinu og byrjuðu mjög snemma sjálfar að spila á hljóðfæri. Við hvöttum öll börnin til að læra á hljóðfæri og veittum þeim allan okkar stuðning. Þær lærðu báðar í nokkur ár á píanó og Lára lærði líka klassískan söng.”

– *Lifa þær af tónlistinni?*

„Nei, Lára er rekstrarstjóri í Skífunni og er líka útskrifuð frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur verið að læra eitt og annað eins og ég. Margrét er hins vegar að læra þroskaþjálfun og er enn með annan fótinn herna heima. Þórir okkar er einnig farinn að vinna í Skífunni.”

– *Hefur þú spilað á plötunum þeirra?*

„Nei, ekki mikið um það. Ég kom Lára aðeins af stað í byrjun og hef lítilliga spilað með henni á tónleikum.”

– *Þú hefur líka verið að kenna tónlist og starfar við Tónskólann Do Re Mi í vesturbæ Reykjavíkur sem fyrrum félagi þinn í Grafík, Vilberg Viggósson, rekur?*

„Já, ég kenni á gítar í Do Re Mi. Ég tók þátt í að koma þessum skóla á koppinn 1994 og við Vilberg erum búnir að vinna vel saman í öll þessi ár. Eftir tíu ára kennslu tók ég mér reyndar leyfi í eitt og hálft ár. Ég fór þá í mastersnám í mennta- og menningarstjórnun á Bifröst. Í því námi fannst mér ég geta sameinað þau menntunar- og áhugasvið sem höfðu hvað sterkast til mín og ég hafði áður stundað, þ.e. tónlistarnámið og nám í stjórnmálafræði sem ég stundaði í tvö ár áður en ég þurfti að gera upp á milli hennar og tónlistarinnar. Á Bifröst skrifaði ég lokaritgerð um jaðarlistir sem bar titilinn *Jaðarinn að meika það*. Ég fjalla þar um jaðartónlist og forsendur þess að hún brýst fram og slær í gegn, samanber Björk, Sigurros og fleiri.”

– *Hinar skapandi greinar búa til meiri arð fyrir samfélagið en fiskveiðar og landbúnaður til samans núorðið. Heldurðu að hið öfluga starf í tónlistarskólunum hafi m.a. áhrif á það?*

„Já, og ef eitthvað er mætti vera enn meiri áhersla á skapandi starf í skólakerfinu. Áhersla á sköpun í staðinn fyrir öpun. Þessi almenna iðkun á tónlist og hátt menntunarstig tónlistarmanna er mjög mikilvægt. Tónlistarskólarnir herna veita toppþjónustu. Það skilar sér. Svo hefur orðið

samruni á milli geira í listum, ekki síst í tónlistinni. Þetta fólk sem hefur verið að læra akademíska hluti í músík er að gera góða hluti í rokkmúsík, samanber Hjaltalín. Það kemur fram í mastersritgerð minni að almennt tónlistarnám sé einn þeirra þátta sem hafi getið af sér fjölbreytta flóru jaðartónlistarmanna sem náð hafi vinsældum og athygli erlendis og hér heima og í kjölfar þess skapað arð fyrir samfélagið. Það spilar líka inn í þetta smæð jaðarmarkaðsins og áherslan á það að vera öðruvísi ásamt því að nýta sér það besta sem er gerast í tónlist á alþjóðavísu.

En allt kostar þetta vinnu og peninga þó nú sé vissulega mögulegt fyrir fólk að gera t.d. ódýrari plötur. Það er ekki endilega nauðsynlegt að kaupa rándýra tíma í hljóðveri heldur er hægt að vinna að upptökum heima við. Ég fór t.d. aðeins í hljóðver fyrir Fall til að taka upp trommur og hljóðblanda. Annars vann ég plötuna herna heima og í aðstöðu sem við Lára höfum saman. En auðvitað geta menn gert rándýrar plötur líka. Smekkur manna á tónlist er misjafn. Sumir vilja hafa tónlist mjög áferðarfallega og leita eftir stóru sándi. Sléttar og felldar útsetningar og söngur eru ekkert endilega mjög aðlaðandi í mínum eyrum. Mér finnst skemmtilegra að heyra eitthvað

sem getur verið eilítið skrítið eða sérkennilegt, en jafnframt forvitnilegt eða á einhvern hátt áhugavert eins og t.d. hjá Tom Waits, Nick Cave, Rufus Wainwright, Anthony & the Johnsons og fleirum sem eru með afgerandi raddir, frábærar lagasmíðar og mikið leikhús. Þegar fegurð melódíunnar er blandað saman við sérstæð og stundum hrjúf blæbrigði tónanna þá finnst mér eitthvað magískt eiga sér stað. Það er nú einu sinni þannig að vel flutt og innihaldsrík tónlist gerir okkur kleift framar flestu öðru að finna kjarna þess að vera mennskur.

– *Þú hefur líka gefið út plötu með suðuramerískri gítartónlist ásamt Hinriki Bjarnasyni gítarleikara?*

„Við gáfum út plötuna *Duo de Mano* sem hefur notið talsverðra vinsælda og er mikið hlustað á t.d. við kertaljós eða huggulegan kvöldverð. Það hefur alltaf staðið til að gefa út aðra plötu með slíku efni. Ég hef líka verið að vinna plötu með ítalska þverflautuleikaranum Pamela De Sensi en sú plata á enn nokkuð í land. Við sjáum til með það.”

– *Hvað um áhugamál fyrir utan tónlistina?*

„Það er bara tónlist. Ég er ekki þessi dæmigerði dellukarl en finnst þó gaman að bregða mér á gönguskíði eða í sund og liggja í

heitum potti á eftir.”

– *Farið þið eitthvað vestur?*

„Já, að minnsta kosti tvisvar á ári. Einu sinni um páska á *Aldrei fór ég suður*. Mér finnst gríðarlega skemmtileg stemning í kringum hátíðina. Hún er frábært framtak. Svo reynum við að komast vestur á sumrin til að hlaða batteríin. Það er hvergi ljúfara að vera, sérstaklega í góðu sumarveðri. Við búum þá hjá yndislegum foreldrum Örnú sem eru á Ísafirði á sumrin. Þau eiga ennþá húsið sitt á Ísafirði og Vignir spilar golf inni í Skógi á sumrin. Vignir og Lára eru hins vegar búsett hér yfir vetrartímann enda eru öll börnin og barnabörnin hér fyrir sunnan. Lára dóttir mín og hennar litla fjölskylda hafa líka sótt talsvert vestur.”

– *Heillaðist þú af Ísafirði þegar þú komst þangað fyrst?*

„Ég féll kylliflatur fyrir Ísafirði. Þótt ég sé Hafnfirðingur og þyki voða vænt um Hafnarfjörð þá finnst mér hvað vænst um Ísafjörð af öllum stöðum í veröldinni. Reyndar þekki ég ekkert marga fyrir vestan lengur. Bærin hefur breyst síðan ég bjó þar, margir fluttir í burt og ekki margar dyr fyrir mig að banka á. Mér finnst samt alltaf jafn gaman að koma vestur.”

– *Bjarni Brynjólfsson.*

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



PRYMUR HF. – Vélsmiðja



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 11 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 19 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hárkompaní

Silfurgötu 6 • Ísafirði sími 456 6363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagata 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Gámaþjónusta Vestfjarða ehf

UMHVERFIÐ ER FRAMTÍÐIN
GÆTTU ÞESS VEL

Kirkjubólí III • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Eyrargötu • Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurtangi 7 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Torfnesi • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 21 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 12b • Ísafirði

Skoða flutning verkefna vegna heilsugæslu til sveitarfélaganna

Lagt hefur verið til að forsendur fyrir flutningi verkefna heilsugæslu til sveitarfélaga verði skoðaðar. Þessar tillögur og fleiri eru settar fram í skýrslu um leiðir til að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað fólks í heilbrigðiskerfinu. „Áhugi á flutningi heilsugæslu og jafnvel annarra þátta heilbrigðisþjónustu frá ríki til sveitarfélaga hefur vaxið í kjölfar sameiningar sveitarfélaga og vilja til þess að treysta sveitarstjórnarstigið. Góð reynsla af þjónustusamningum ríkisins við Akureyrarbæ og Hornafjörð hefur sýnt að heppilegt er að flétta saman skipulag heilsugæslu og félagslegra þjónustu. Samband íslenskra sveitarfélaga er því fylgjandi að heilsugæsla fylgi með flutningi málefna fatlaðra og aldraðra til sveitarfélaga. Ganga verður úr skugga um hvort forsendur séu fyrir því að hrinda þessum flutningi í framkvæmd innan næstu fimm ára,“ segir í skýrslunni.

Þar er einnig lagt til að heilsumverndarstarf verði eflt á landsvísu. „Heilbrigðisþjónustan hefur lagt vaxandi áherslu á forvarnir, heilsumvernd og fræðslu í því skyni að fyrirbyggja sjúkdóma og stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Til þess að heilsumgæslan geti sinnt hlutverki sínu verður hún að taka þátt í margþættri samvinnu og þverfaglegu samstarfi við fjölda aðila utan lands sem innan. Nýlega hefur verið komið á fót Þróunarstofu heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að þessi starfsemi nýtist allri heilsugæsluþjónustu í landinu,“ segir einnig í skýrslunni.

Þá skal komið á fót miðlægri skráningu sjúklinga á heimilislækna með það fyrir augum að allir íbúar landsins hafi ákveðinn heimilislækni að snúa sér til. „Meginreglan verði sú að einstaklingar eigi rétt á að vera



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði.

skráðir sem skjólstæðingar tiltekins heilsugæslulækis á heilsumgæslustöð í heimabyggð. Sérhver heilsugæslulæknir verði ábyrgur fyrir þeirri lækniþjónustu sem þeim einstaklingum er veitt sem eru á hans lista. Þessu fyrirkomulagi skuli komið á í áföngum sakir þess skorts sem enn er á heilsugæslulæknum.“

Ein tillagan í skýrslunni er sú að rafræn sjúkraskrá verði komin í fulla notkun á landsvísu innan þriggja ára. Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er nú þegar heimilt að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Tengdar hafa verið saman sjúkraskrár í Vesturlandsumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi, Suðurlandsumdæmi og innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

„Mikilvægt er að ráðist verði í að ljúka því að tengja saman öll sjúkraskrár- og upplýsingakerfi innan heilbrigðiskerfisins, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett hafa verið varðandi færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgengi að þeim, aðgangsstýringu og takmörkunum

á aðgengi. Með slíkum ráðstöfunum væri unnt að tryggja meiri samfellu í meðhöndlun sjúklinga og draga úr tvíverknaði og end-

urtekningu á ónáuðsynlegum rannsóknnum. Markmiðið er að innan þriggja ára verði rafræn sjúkraskrá og víðtækt heilbrigðisnet

komið í fulla notkun á landsvísu,“ segir í skýrslunni sem nálgast má í heild á vef heilbrigðisráðuneytisins. – thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag, Dagverðardalur, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan er tæpir 23 ha. að stærð, liggur í vestur af Hnífum í mynni Dagverðardals. Svæðið er í 15-100 m h.y.s. og hallar til suðvesturs. Gott útsýni er yfir Eyrina og Djúpið. Svæðið er ætlað fyrir íbúðarbyggð, sumarhúsabyggð og léttan iðnað. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð með 60 lóðum og fjölgun sumarhúsalóða um 22. Einnig er gert ráð fyrir 10 nýjum lóðum fyrir léttan iðnað í nágrenni við lóð Vega-gerðarinnar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórn-sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 23. desember 2010 til og með 20. janúar 2011. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 3. febrúar 2011. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 14. desember 2010.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og rekstarsviðs.

Þjóðsögur frá Hornströndum

Kómedíuleikhúsið hefur gefið út nýja þjóðlega hljóðbók sem hefur að geyma sögur frá Hornströndum og Jökulfjörðum. Þetta er jafnframt sjötta þjóðlega hljóðbókin sem leikhúsið gefur út. Fyrstu hljóðbækurnar voru uppseldar en nú eru þær allar fáanlegar á nýjan leik. Þær eru: Þjóðsögur úr Vesturbyggð, Þjóðsögur úr Ísafjarðarbæ, Þjóðsögur úr Bolungarvík, Þjóðsögur af Ströndum, Þjóðsögur frá Súðavík og sú

nýjasta Þjóðsögur frá Hornströndum og Jökulfjörðum.

Sjötta hljóðbókin hefur að geyma sögur úr safni Arngríms Fr. Bjarnasonar. Þar segir af draugum, tröllum og fleiri furðuverðum í þjóðsagnaheiminum. Þjóðsögur frá Hornströndum og Jökulfjörðum er vegleg og vönduð útgáfa á hinum magnaða þjóðlega sagnarfi. Þjóðlegu hljóðbækurnar fást hjá Kómedíuleikhúsinu og í verslunum um land allt.



Heston Blumenthal (tv) ásamt Jóni Mýrdal kokki í Tjörúhúsinu á Ísafirði.

Hrifinn af pylsum og súrmjólk

Stjörnukokkurinn Heston Blumenthal var staddur á Ísafirði fyrir stuttu, þar sem hann var við tókur á nýjum sjónvarpsþætti sem sýndur verður á bresku stöðinni Channel 4 á næsta ári. Blumenthal gaf sér tíma til að spjalla við blaðamann Bæjarins besta um allt frá íslenskum pylsum til slæmrar veiðilukku.

Íslenskir áhorfendur matreiðsluþátta eru kannski kunnugri kokkum á borð við Jamie Oliver, Gordon Ramsay og jafnvel Nigel Lawton, en Heston Blumenthal. Hann þykir hins vegar mikil undrabarn í matreiðsluheiminum og veitingastaður hans, The Fat

Duck, sem hann seldi reyndar nýlega, hefur verið lofaður í hástert frá því að Blumenthal opnaði hann fyrir fimmtán árum. Staðurinn er einn örfárur sem hlotið hafa þrjár Michelin-stjörnur. Hann var að auki útnefndur besti veitingastaður í heimi árið 2005 af tímaritinu *Restaurant*, og besti veitingastaður í Bretlandi árin 2007 og 2009 af *The Good Food Guide*.

Sjálflærður meistari

Blumenthal sker sig þó úr hópi flestra meistarakokka að því leyti að hann

er svo til að öllu sjálflærður. Áhugi hans á eldamennsku kviknaði fyrst þegar hann var á ferðalagi með fjölskyldu sinni um Frakkland og þau snæddu á þriggja stjörnu veitingastað í Provence-héraði. Í kjölfarið hóf Blumenthal að prófa sig áfram í eldhúsinu, samhliða ýmsum íhlaupavinnum. Burt séð frá þeim örfáu vikum sem hann vann í eldhúsum hjá stjörnukokkunum Marco Pierre White og Raymond Blanc, fór menntun hans fram yfir pottunum í eigin eldhúsi. Eftir nokkur ár komst hann yfir bók sem breytti nálgun hans til frambúðar, en þar er fjallað um efnafræðina að baki ýmissa eldunaraðferða. Þær hugmyndir hafa fylgt Blumenthal áfram og jafnvel orðið nokkurs konar aðalsmerki hans.

Blumenthal er mikill áventýramaður í eldhúsinu og aðhylltist það sem á ensku er kallað *molecular gastronomy* og hefur verið nefnt efnafræðileg matreiðsla á íslenskri tungu. Sú stefna felur í sér ýmsar æfingar sem voru áður óþekktar í eldhúsum. Matreiðslumenn einbeittu sér í auknum mæli að vísindunum sem eru grundvöllur matreiðslunnar og fundu nýjar og óvæntar

leiðir til að vinna með hráefnið. Blumenthal hefur þó í seinni tíð lýst því yfir að hann vilji ekki kenna sig við stefnuna, þar sem honum þykir heitið bera með sér að aðferðirnar séu gríðarflóknar og aðeins á færi nokkurra útvalda, sem hann er ósammála. Á heimasíðu veitingastaðar hans má til að mynda finna uppástungur að einföldum tilraunum sem varða matreiðslu og auðvelt er að framkvæma heima við.

Beikonís og sniglagrautur

Afrakstur tilraunastarfsemi Blumenthal í eldhúsinu má glögglega sjá á matseðli veitingastaðarins The Fat Duck, sem er til húsa í Bray á Englandi. Blumenthal opnaði staðinn, í 450 ára gamalli byggingu sem áður hýsti krá, sjálfur af miklum vanefnum og vann myrkranna á milli í upphafi. Fyrst bauð staðurinn upp á hefðbundna franska rétti, en fíkræði sig svo upp í flóknari matseld. Eftir því sem Michelinstjörnunum fjölgaði jókst frelsi kokksins til að prófa sig áfram.

Á smakkseðli The Fat Duck, sem telur fjórtán rétti og kostar

150 pund á mann, má þannig meðal annars finna sniglagraut og lax sem er gufusoðinn í lakkrisgeli. Blumenthal er sömuleiðis frægur fyrir egg- og beikonís sem framreiddur var veitingastaðnum. Auk þess að prófa sig áfram með óhefðbundnar eldunaraðferðir, svo sem að nota þurrís, lofttæmingu og aðrar æfingar í matseldinni, hefur Blumenthal einnig lagt mikla áherslu á að virkja öll skilningarvitin í matseldinni. Þannig hefur hann unnið töluvert með hljóð og meðal annars sýnt fram á með tilraunum að fólki finnst ostrur saltari á bragðið ef það borðar þær með sjávarhljóði í eyrunum, en ef önnur hljóð eru notuð.

Honum er matarupplifunin hugleikin og vill að gestir upplifi nokkurs konar töfra matseldarinnar á The Fat Duck. Eftir að hafa fengið leiðsögn frá töframanni kann yfirþjónn hans að framkvæma töfrabragð þar sem hann tekur rósablað af borði matargesta, breytir því í egg, brýtur eggjið í skál og býr til beikonís úr innihaldinu!

Þátturinn sem Blumenthal tók upp á Vestfjörðum í síðustu viku verður í sama anda, eins og hann

Fjórir kokkar takast á

„Það sem við erum að taka upp hér er fyrir sérstakan þátt sem verður sýndur á Channel 4 í janúar,“ sagði Blumenthal. Hann hóf sjónvarpsferil sinn á BBC á sínum tíma, en hefur síðan flutt sig yfir á sjónvarpsstöðina Channel 4, sem sýnir þætti með fjölda stjörnukokka, svo sem þeim Jamie Oliver og Gordon Ramsay.

Blumenthal hefur áður gert nokkrar þáttaraðir fyrir Channel 4, en sú þekktasta er væntanlega *Heston’s Feasts*, eða Veislur Hestons. Fyrri þáttaröðin var sýnd í fyrra en sú seinni nú í vor. „Í þáttunum leitaði ég mér innblásturs frá sögulegum uppskriftum. Við bjuggum til veislur með rómversku þema, miðalda-veislu og veislu frá Tudor-árunum,“ útskýrði Blumenthal.

„Þættirnir fengu mjög góðar viðtökur, og seinni þáttaröðin, sem kom út núna í ár, var vinsælasta matreiðsluþáttaröð síðustu ára. Þá vorum við svolítið nostalgísk og gerðum veislur í anda Willy Wonka og í anda ýmissa ævintýra, eins og húsið úr Hans og Grétu.“

Þátturinn sem sýndur verður í janúar er hins vegar með öðrum hætti. „Fjórir kokkar, sem sagt Jamie Oliver, Gordon Ramsay, Hugh Fearnly-Whittinstall og ég, fá það verkefni að gera einn þátt þar sem fiskur er í aðalhlutverki. Ég veit að Gordon ætlar að gera eitthvað um skelfisk, en ég ætla að gera sérstakan *Feast*-þátt. Ég mun elda fjögurra rétta veislumáltíð fyrir sex fræga einstaklinga, sem Channel 4 velur, og einn þeirra rétta verður með steinbíti,“ sagði Blumenthal.



Blumenthal og Sveinbjörn Hjálmarsson á víkingablótinu.



Vestfirsku miðin heilluðu

Það er einmitt steinbíturinn sem er ástæðan fyrir komu sjónvarpsteymisins til Vestfjarða. „Steinbítur var veiddur í Bretlandi fyrir mörgum árum síðan, en er það ekki lengur. Þessi tegund veiðist ekki hjá okkur. Við ákváðum þess vegna að koma hingað. Stærsti hluti þess fisks sem við kaupum í Bretlandi og veiddur er með sjálfbærum veiðum kemur líklega héðan, af miðunum í kringum norðvesturhorn

Íslands. Við vildum varpa ljósi á hversu mikilvægar náttúruvænar og sjálfbærar veiðar eru, í stað þess að það sé mokveitt án þess að hugsa um afleiðingarnar,“ sagði Blumenthal.

Hann fór sjálfur á steinbítsveiðar, sem hann segir hafa tekist vel þrátt fyrir að hann sé alræmdur fyrir slæma veiðilukku. „Ég hef farið á veiðar áður fyrir þættina, en ég er alveg hrikalega óheppinn, algjört ólukkudýr. Þetta var sem betur undantekning frá reglunni, þeim tókst að veiða allt sem þeir þurftu,“ sagði Blumenthal, sem hélt til sjós með Hrefnu ÍS.

„Við fórum snemma um morgun og veiddum vel, en fiskarnir voru allir frekar litlir. Það góða við það var hins vegar að þá getur maður tekið þá upp, sem ég gerði, og ég fann hann hreinlega reyna að bíta mig – ég fann hvað hann var sterkur. Sjómennirnir sögðu mér að maður geti ekki einu sinni snert þá stóru, þeir fari bara beint í dallinn,“ sagði Blumenthal.

Sæbjúgnasamloka og þorskkaka

Í anda tilraunastarfseminnar sem hann er svo frægur fyrir mun hann framreiða fjöldan allan af réttum. „Við ætlum að gera alls konar bílaða hluti,“ sagði hann og hló við. „Annar rétturinn á seðlinum verður eins konar síðdegiste. Í Bretlandi er mjög frægt fyrirtæki, Mr. Kipling, sem gerir alls konar kökur. Við ætlum að leika okkur með það og gera Battenberg köku úr laxi, Fondant Fancy köku úr krabba og Bake-well köku úr þorski,“ útskýrði Blumenthal, en kökurnar eru allar

vel þekktar í Bretlandi. Hann hyggst sömuleiðis bjóða upp á gúrkusamloku með sæbjúga, sem heitir einmitt „sea cucumber“, eða sægúrka, á ensku.

„Aðalrétturinn mun svo líta út eins og sandur en hljóma eins og sjórinn. Steinbíturinn verður hluti af þeim rétti. Það gæti verið að við látum matargestina snæða hann neðansjávar, í kafbáti. Þetta er allt frekar klikkað,“ sagði Blumenthal kíminn.

Blumenthal var staddur á Tjörúhúsinu þegar blaðamaður náði tali af honum, þar sem hann og hjálparlið hans matreiddu aflann og prófuðu sig áfram. Næst á dagskrá var hins vegar ferð í Arnardal, þar sem hans beið víkingablót og veisla. „Ég hlakka til þess, mér skilst að ég fái hákarl þar,“ sagði Blumenthal, sem hafði þó áður fengið að gæða sér á íslenskum hákarli. Einn af undirkokkum hans, eða Sous Chef, er hinn íslenski Stefán Cosser, sem færði Blumenthal eitt sinn íslenskan hákarl.

Pylsurnar gómsætar

Hákarl er þó ekki eini hefðbundni íslenski maturinn sem Blumenthal hefur fengið að bragða á. „Við lentum í Reykjavík og keyrðum vestur. Á leiðinni sagði Stefán mér að Ísland væri frægt fyrir pylsurnar sínar, og að ég yrði að smakka þær. Ég fékk mér pylsu, og hún var frábær – með lauknum og öllu, hún var gómsæt. Og á bátnum fékk ég að smakka kæsta skötu,“ bætti Blumenthal við og hryllti sig. „Ég gat það nú ekki alveg. Ég át hana, en hún var rosalega sterk. Ég var hins vegar hrifinn af þessu sem þið kallið svartadauða,

brennivínið. Það kom mér á óvart, kúmenbragðið var mjög áhugavert,“ sagði Blumenthal.

Á leið sinni vestur stoppaði ferðahópurinn á Galdrasýningu á Ströndum, þar sem Blumenthal fékk meðal annars að virða fyrir sér nábrækurnar frægu. „Það var frábært safn og við fengum líka að heyra gamlar sögur þarna, sem var mjög skemmtilegt. Um kvöldið fengum við svo einfalda máltíð, steinbít, ýsu, kartöflur og einhverja einfalda sósu með smá karrikeimi – þið eruð mjög hrifin af því, er það ekki? Svo fékk ég mér súrmjólk í morgunmat. Hún var ljúffeng, ég var mjög hrifinn af henni,“ sagði kokkurinn.

Vildi geta verið lengur

Blumenthal og förunautar hans dvöldu ekki lengi á Íslandi, nokkuð sem matreiðslumeistarinn segir leiðinlegan fylgikvilla vinnunnar. „Maður nær aldrei að stoppa almennilega á stöðunum sem maður fer á í tókum. Ég hef aldrei komið hingað áður. Það er mikið að gera hjá mér, en ég tel mig samt vera mjög heppinn. Ég fæ að gera þessa þætti og prófa alls konar hluti. Það er frábært,“ sagði Blumenthal, sem fagnaði því þó sömuleiðis að hafa fengið flug til Reykjavíkur í stað þess að aka sömu leið og hann kom. „Við höfum þá mögulega tíma til að fara í Bláa lónið áður en við höldum svo aftur til Englands,“ sagði matreiðslumeistarinn, sem var afar ánægður með dvölinu á Íslandi.

Nánari upplýsingar um Blumenthal, matseld hans og tilraunastarfsemi má til að mynda afla sér á heimasíðu veitingastaðarins, www.thefatduck.co.uk.

– Sunna Dís Másdóttir.

Höskuldur leit yfir fjörðinn og velti því fyrir sér af hverju sjórinum ólgaði svo ógurlega í dag. Reyndar sást ekki mikið lengra en rétt út fyrir hafnargarðinn. Og þar sem hann stóð rétt fyrir ofan höfnina sást byggðin varla. Það hafði ekki verið flogið í nokkra daga og einhver órói var í honum og flestum þorpsbúum, eins og eitthvað óvænt vofði yfir. Þó gerði enginn sér grein fyrir því hvað það kynni að vera. Óvenju lítið hafði snjóað þetta haustið. Flestir voru fegnir því, ekki þó snjóslæðaeigendur og skíðamenn. En hvað gerði það til?

Hugurinn hvarflaði aftur. Þau Ásrún höfðu ákveðið að flytja úr Reykjavík eftir hrunið, enda lítið við að vera, atvinnuleysi og það litla sem þau höfðu átt í íbúðinni þar var að hverfa. Þau höfðu þó bara tekið 80 prósent lán, en ekki hundrað eins og bankinn hafði viljað. Ekki vantaði að huggulegar ungar stúlkur og myndarlegir ungir menn höfðu reynt að telja þeim trú um að þau ættu að taka fullt lán og skella sér svo í siglingu um Karabíska hafði fyrir það sem þau ætluðu að borga upp í kaupverðið. Þau áttu reyndar afgang, því þau seldu báða bílana og keyptu einn eldri fyrir afganginn og ákváðu að laga eldhúsið í staðinn. Reyndar skruppu þau í afdrifaríkar vinnu-

rúntinum eða hanga með henni í sjoppum hverfisins. Hann átti enga möguleika. Frekar lítil og væskilslegur og ekki líklegt kvennagull. Samt varð hann ástfanginn af henni og það varð svo sterkur þáttur af daglegu lífi hans að hann gat ekki hætt að hugsa um hana. Þegar hann sá hana á skólalóðinni með öðrum strákum fékk hann sting í hjartað. En, hún leit ekki við honum.

Smám saman sætti hann sig við að ástin yrði hans einkamál. Svo skildu leiðir að nýju. Hún fór í Verzlunarskólann en hann í Menntaskólann í Reykjavík. Þar eignaðist hann nýja vini og nýja vinkonu, sjálfum sér til mikillar undrunar. Bera var ótrúlega glæsileg stúlka,með stutt dökkt hár og brún augu, ekki frið, en myndarleg og skemmtilegri en nokkur stelpa sem hann hafði áður kynnt. Þau urðu góðir vinir og það þróaðist með aukinni kynhvót í það að þau urðu par, eins ólík og þau voru, ekki bara í útliti. Hann var hefðbundinn bæði í útliti og klæðaburði og hæverskur, en hún var úthverf, talaði við alla um allt og klæddi sig á mjög óhefðbundinn hátt í stuttu pilsí eða stuttbuxum og vinnuklossum og með hermannahúfu og rifna boli, hvort heldur var að vetri eða sumri. Foreldrum hans fannst lítið til um. En hvað gerði það til þegar stelpur litu

fram á haustið ákvað Höskuldur, eftir að hafa drukkið mikið á föstudagskvöldi að skella sér til Kaupmannahafnar og heimsækja Beru.

Viku seinna var hann kominn til hennar, en þá blasti við annar veruleiki. Hann fann leiðina á Nörrebro og bankaði. Að innan heyrðust mikil gleðilæti. Hann bankaði fastar. Það leið og beið og loks kom Fríða vinkonu Beru til dyra og varð mjög vandræðaleg þegar hún sá hver var kominn. Þegar hann spurði eftir Beru sneri hún við í dyrunum og ætlaði að skella hurðinni á hann. Höskuldur steig inn fyrir og sá hvergi Beru. Allt varð hljótt. Þögnin varð vandræðalega löng. Hann spurði aftur eftir henni. Og fékk ekkert svar. „Hvar er herbergið hennar?“ spurði hann. Fríða benti inn ganginn og leit svo undan. Hann gekk inn ganginn og benti á eina hurðina. Fríða hafði fylgt og kinkaði kolli. Þegar hann ætlaði að banka,steig hún fram fyrir og bankaði. Karlmannsrödd kallaði fram á íslenzku. „Látið okkur í friði. Við erum upptekin. „Komdu fram“ sagði Fríða hálf titrandi röddu. „Hunzkastu burt“ var svarað og þá þreif Höskuldur í hurðarhúninn og dymnar reyndust ólæstar. Það frusu allir bæði þau í herberginu og þau tvö fyrir utan. Aðrir í íbúðinni þögðu. Þá fyrst tók hann eftir því að fleira

Var að stytta upp? Hann sá glitta í jálaljós uppi í bæ. En svo brast á með annarri hríð og ekkert sást lengur.

Heim kominn vissi hann ekki hvað hann átti af sér að gera. Bæði námið og kærastan voru komin í vaskinn og hann ákvað að hætta náminu og reyna að fá sér vinnu. Foreldrar hans vildu að hann kæmi heim til þeirra og yrði þar fram yfir jól meðan hann hugsaði sinn gang. Það gat Höskuldur ekki hugsað sér vitandi að þau voru fegin þegar þau áttuðu sig á því að sambandi þeirra Beru var lokið, að því er virtist fyrir fullt allt. Hann fór aftur í íbúðina sem þau Bera höfðu leigt saman. Þar ráfaði hann um íbúðina og vissi ekkert hvað hann ætlaði af sér að gera. Þá ákvað hann að fara upp í Háskóla og mæta í tíma viðskiptafræðinni. Hann hafði ekki tapað nema einni og hálfri viku. Það gat ekki verið verra að reyna að dreifa huganum í stað þess að hugsa stöðugt um þá sýn sem við honum hafði blasað í íbúðinni á Nörrebro.

Hann átti erfitt með að einbeita sér, var niðurbrotinn, en það var skárra að hlusta á fyrirlestur um hagfræði en velkjast einn í íbúðinni. Hann ætlaði að segja upp leigunni og flytja til foreldra sinna. Allt of margar minningar tengdust íbúðinni.

og áhuginn var vaknaður ekki bara á viðskiptafræðinni heldur líka á Ásrúnu. En hann var ekki gagnkvæmur. Rúmri viku eftir að áhugi Höskuldar var vaknaður á ný gengu þau saman út úr skólanum. Ásrún vildi sleppa samlestrinum síðdegis og þá kom í ljós hvers vegna. Maður beið eftir henni fyrir utan og Höskuldur þekkti náungann úr íbúðinni á Nörrebro, þann sem verið hafði með Beru.

Honum var brugðið, en Ásrún gekk fagnandi á mót honum, kyssti hann og kynnti sem Friðrik, unnasta sinn. Höskuldur þreif upp símann, lét sem hann væri að hringja, sagðist nauðsynlega þurfa að taka þetta samtal, afsakaði sig og fór. Hann titraði af reiði og gremju, fór heim í íbúð og ætlaði að taka saman dót til þess að fara með heim til foreldra sinna. Hurðin var ólæst og það sló að honum óhug. Fyrir innan stóð Bera og var eins og sniðinn út úr tízkublaði. Það vissi ekki á gott.

Þau voru bæði mjög vandræðaleg. Bera byrjaði og vildi að þau töluðu saman og reyndu að taka upp þráðinn og halda sambandinu áfram. Hún iðraðist hliðarspors síns, en vildi ekki ræða það frekar, sagðist elska hann, væri búin að átta sig á því hvað skipti máli. Höskuldur þagði lengi eftir tiltölulega langa ræðu hennar. Hún var ekki vön að tala lengi um

Eins og hendi væri veifað

ferðir til London. Þar slitnaði einhver strengur milli þeirra. Og þau elskuðu hvort annað. Eða gerðu þau það? Mikið hafði gengið á síðasta hálfa árið.

Þau áttu tvö börn 5 ára stúlku og 3 ára dreng. Eða áttu þau hann saman? Hann var ekki viss og hugsaði mér sér, að annað hvort yrði hann að manna sig upp í það að gera eitthvað í málinu, fara í DNA próf eða gera ekkert. Kannski var bara bezt að gera ekkert. Það hafði gefizt nokkuð vel þegar á bjátaði. En hugsunin um allt sem komið hafði upp á yfirborðið síðasta hálfa árið olli honum hugarangi, næstum ógleði.

Þau höfðu komið vestur í litla þorpið að Eyri í Straumfirði og verið full södd af því að búa í Reykjavík. Auðvitað höfðu þau reynt að taka þátt í lífsgæðakapphlaupinu í Reykjavík. Þau höfðu þekkt lengi, voru alin upp hvort í sinni götunni í Vesturbænum og höfðu ýmist gengið í sömu skóla eða sitt hvorn.

Þau höfðu verið skólafélagar í Vesturbæjarskólanum sem börn. Einstaka sinnum hafði hann orðið skotinn í henni, enda var hún falleg, ljóshærð með sítt hár og blá augu. En þegar maður er 7 ára eða 10 ára þá veit maður kannski ekkert hvað það er að vera skotinn. Heimurinn er svo einfaldur, lífið svo gott og öll vandamál eru leyst af mömmu og pabba. Svo fór hann í sveit á sumrin og fjölskyldan hennar flutti til Akureyrar. Þannig tapaði hann af henni og Ásrún af honum sagði hún löngu seinna. Í 9. bekk hittust þau aftur í Vesturbæjarskólanum. Þá var hún orðin fegurðardís. Allir strákar voru vitlausir í hana. Hún sinnti lítið strákum, þótt allir vildu dansa við hana á skólaböllum og vera með henni á

almennt ekki við honum. Og þau sváfu saman og þá átti maður að standa með kærustunni sinni, ekki satt? En sambandið var stormasamt, þó það entist að mestu út menntaskólaárin. En þau voru ólík. Samt hafði hann elskað hana.

Hann vildi fara í Háskólann eftir stúdentspróf, en hún vildi fara til útlanda með vinkonum sínum og einhverjum vinum þeirra. Þau reyndu að samræma þetta og svo var ákveðið að þau skyldu fara hvort sína leiðina fyrsta veturinn en halda áfram að verða kærustupar. Þær fóru til Kaupmannahafnar og fengu vinnu þar á leikskóla, það var svo gott til að læra dönsku og einhvern veginn fengu þær þrjár og vinir þeirra tveir leigða íbúð á Nörrebro. Þú getur alltaf komið í heimsókn til mín sagði hún þegar þau kvöddust. Hann saknaði hennar mikið en fannst samt eins og hlutirnir væru ekki eins og þeir ættu að vera.

Viðskiptafræðin var leiðinleg miklu leiðinlegri en hann hafði órað fyrir. En þar var samnemandi hans Ásrún sem hafði verið ástin hans í grunnskóla og var kannski enn. Hún var enn þá fallegri en hann mundi. Auðvitað höfðu leiðir þeirra skorizt á menntaskólaárunum, en aldrei varð neitt meira en nokkur kveðjuorð, utan einu sinni þegar Ásrún spurði hann af hverju hann væri með Beru. Honum fannst engum koma það við og sízt henni og lét það í ljós. Ásrún sagði ekkert og sneri sér á hæli án þess að kveðja. Þetta hafði verið á skemmtistaðnum Úrlausn, sem flestir töldu reyndar réttnefni. En er nokkuð vit í því sem fólk segir undir áhrifum á skemmtistöðum? Það fannst honum ekki, og þó. Eitthvað sat eftir í hugsuninni. Þegar kom

fólk var þarna en þau fjögur. Bera bar nafn með rentu og karlmaðurinn var líka allsber.

Hann snerist á hæli og strunzaði út. Bæði Bera og Fríða kölluðu á eftir honum að fara ekki. Hann vissi af vini sínum sem bjó á stúdenta-görðum úti á Amager og fékk að gista hjá honum þar til hann komst heim. Hann svaraði ekki síma, nema þekkja númerið og var nokkuð beygður yfir öllu saman. En þessu var lokið. Fríða reyndi að fá hann til að tala við Beru og bar í bætifláka fyrir hana, en án árangurs. Hann vildi ekki hlusta á neinar skýringar. Hans þægilegi heimur var hruninn og Jóí vinur hans, eiginlega frekar kunningi reyndi að hughreysta hann. En það gekk ekki. Þeir fóru þó á krána og svo á skemmtistað niður í borg. Þar reyndi Jóí við stelpurnar, en Höskuldur drakk sig fullan og sýndi engan áhuga þótt einar tvær bráðhuggulegar konur gæfu sig að honum. Hann var glaður yfir því að báðar keyptu þær handa honum bjór og hrósuðu honum fyrir að vera myndarlegur og fallegur karlmaður. En hann hélt sig við bjórinn og eigin eymd.

Örfáum dögum seinna var Höskuldur kominn heim með fyrsta flugi sem hann náði. Hann hafði ætlað að gista hjá Beru, en það varð að engu.

Par sem hann stóð á höfninni vissi hann að auðvitað átti hann að þiggja þessi góðu boð um gistingu og meira. Það var hvort eð er ekkert fyrir hann að gera annað í Kaupmannahöfn. En áhugann vantaði og sjálfsvorkunnin réð öllu. Þetta voru ömurlegir dagar. Enn, mörgum árum seinna, fannst honum Kaupmannahöfn vera andstyggileg borg og skildi ekki áhuga fólks á því að þvelast þangað.

Hann hafði ekki einu sinni tekið niður myndirnar af Beru. Allt í einu fór hann að fylgjast með því sem prófessorinn sagði. Það var svar við spurningu og nú varð honum ljóst að Ásrún hafði spurt. Hún var jafn falleg og fyrr og ótrúlega flott kona. Hann fór að aka sér í sætinu og velti fyrir sér af hverju hún spyrði nánast alltaf og prófessorinn hrósaði henni. Hún hafði greinilega fylgzt með og vissi um hvað efnið fjallaði. Það sem eftir var tímans hlustaði Höskuldur og starði á Ásrúnu. Skyldi hún eiga kærasta?

Ef hann ætlaði að ná prófum yrði að breyta um stefnu. Án þess að lesa efnið og fylgjast með í tímum myndi hann ekki ná neinum prófum og svo átti hann eftir að skila verkefnum. Væri ekki rétt að tala við Ásrúnu og vita hvort hún myndi eftir honum og væri tilbúinn að veita hjálp, lána glósur og segja til um hvernig ætti að leysa verkefnin. Hann mannaði sig upp í það að tala við Ásrúnu eftir að kennslu lauk, en hafði fram að því verið að gjóa á hana augum allan morguninn. „Ég man vel eftir þér,“ sagði hún. Svo fór hún að ræða um veruna í Vesturbæjarskólanum og hvað það hefði verið gaman. Hann hlustaði agndofa áður en hann gat stunið upp spurningunni um það hvort Ásrún væri til í að hjálpa honum að komast af stað aftur í náminu. Því tók hún vel og þau ákváðu að hittast á kaffistofunni eftir skóla á morgun. Já, það var allt miklu bjartara þann daginn. Það gekk eftir og áhuginn á því að taka námið föstum tökum varð meiri því oftar sem þau hittust, en ekki þorði Höskuldur að spyrja hvernig hjúskaparmálum Ásrúnar væri háttað.

Þannig gekk allt vel næstu dagana

þeirra mál. Bera spurði hvort hann ætlaði ekki að segja neitt. Hann játti því, tók saman það nauðsynlegasta og sagðist sækja hitt fljótlega. Þá brast hún í grát og sagðist ekki geta hugsað sér að vera ein. „Talaðu við Friðrik,“ sagði hann og gekk á dyr. Hún reyndi að stöðva hann, tók í hægri handlegginn, en hann reif sig lausan og þorði ekki að líta við.

Þegar út á götu var komið skall áfallið yfir og hann fór að gráta, hljóp við fót og mundi ekki síðar hvernig hann komst heim, því bíllinn var enn upp við Háskóla. Þangað fór Höskuldur ekki aftur. Eftir jól var hann kominn í vinnu í frystihúsi austur á landi. Dagarnir liðu hægt, en vikurnar fljótt og mánuðirnir hlupu hjá. Höskuldur var alltaf einn, vildi ekki umgangast neinn, ekki fara til foreldra sinna og átti í raun enga vini. En svona gæti þetta ekki gengið lengur. Hann sótti um nám í lögfræði. Af hverju vissi enginn og hann sjálfur sízt. Um haustið tók við allt annar veruleiki. Lögfræðin var ekki skemmtileg, en það hlaut að vera einhver glóra í þessu þótt prófessorarnir væru ótrúlega gamaldags. Oft saknaði hann vinnunnar í fiskinum.

Hann komst að því að Bera hafði talað við foreldra sína og reynt að fá þau til að segja sér hvar hann væri. Þau vildu ekkert af henni vita og einhverra hluta vegna náði hún ekki sambandi við hann. Að öðru leyti en lögfræðinni var lífið tilbreyinga-snautt, enda nóg að lesa og sumt torskilið. Allt komst í fastan farveg. Foreldrar voru ánægð með að hafa hann heima hjá sér og hann hafði engan metnað til annars, vildi bara frið, vissi ekki einu sinni hvort hann næði prófum eða hvað við tæki færi

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 19 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Klofningur ehf.

Aðalgötu 59 • Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Lögsýn ehf.,

Skipholti 50d • 105 Reykjavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Þingeyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Íslenskir aðalverktakar hf
Marti Contractors Ltd

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KNH ehf

Grænagarði • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



NIARDARSUND 2 • 400 ÍSAFIJÖRÐUR • SÍMI: 456 4128 • spytan@simnet.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagötu 2-4 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Fréttastofa RÚV – Svæðisútvarp Vesturlands og Vestfjarða

Niðurskurður dregur verulega úr efnahaglegum áhrifum Háskóla-seturs

Fyrir hverja krónu sem Háskóla-setur Vestfjarða fékk í fram-lög og tekjur árin 2009 og 2010 skiluðu sér tvær krónur til baka sem efnahagsleg áhrif fyrir Vest-firði. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest) vann ný-lega á efnahagslegum áhrifum af starfsemi Háskóla-seturs. Tekjur og framlög til Háskóla-setursins ár-ið 2009 voru 128 milljónir króna og samkvæmt útreikningum skýrsluhöfunda voru efnahagsleg áhrif stofnunarinnar fyrir Vest-firði það ár 203 milljónir króna. Í ár nema framlög til Háskóla-setursins 91 milljón króna og eru áhrifin fyrir Vestfirði talin vera um 189 milljónir króna. Ef boðaður niðurskurður í fjárlögum næsta árs upp á 30%, nær fram að ganga, er ljóst að leggja þarf niður meistaranám í haf og strandsvæðastjórnun. Slíkt myndi draga verulega úr efnahagslegum áhrifum Háskóla-setursins. Sam-

kvæmt útreikningum Atvest yrðu framlög til stofnunarinnar þá 64 milljónir króna og efnahagsleg áhrif fyrir Vestfirði yrðu um 68 milljónir króna.

Ástæðan fyrir þessum mikla mun liggur aðallega í því að hve mikil efnahagsleg áhrif nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun hafa á svæðið. Hjá Háskóla-setri- nu eru um 50 nemar í staðbund- nu námi í haf- og strandsvæða- stjórnun. Þeir fjármagna nám sitt að mestu leyti með erlendu fjár- magni og kemur 94,5% af fram- færslufé þeirra erlendis frá. Þessir fjármunir fara í að greiða fyrir neyslu og uppihald á svæðinu. Samkvæmt útreikningum skýr- sluhöfunda er aukning á neyslu á ársgrundvelli um 49 milljónir króna. Þá sækja einnig nemar styttri námskeið til Vestfjarða og er áætluð neysluaukning vegna þeirra um 11 milljónir króna. Til viðbótar við nemana koma til þeirra gestir sem nýta sér verslun



Atvinnuþróunarfélagið hefur unnið úttekt á efnahagslegum áhrifum af starfsemi Háskóla-setursins.

og aðra þjóstu á svæðinu og er árleg neysluaukning vegna þeirra áætluð um 17 milljónir króna.

Háskóla-setrið er launagreið- andi og greiðir um 60 milljónir króna til aðila innan Vestfjarða.

Ætla má að þeir fjármunir fari í að greiða einkaneyslu viðkom- andi starfsmanna. Háskóla-setrið kaupir einnig þjónustu innan svæðisins fyrir 63 milljónir króna og af aðilum utan þess fyrir 32

milljónir króna, sem þýðir að keypt þjónusta nemur samtals 95 milljónum króna. Þá fær Há- skóla-setrið kennara og fyrirlesara og er áætlað að neysla slíkra aðila sé í kringum 3 milljónir króna.



Frá þorskeldi Hraðfrystihússins-Gunnvarar í Álftafirði.

Eldisbátar fengu ekki byggðakvóta

Aðalsteinn Ó. Ásgeirsson og Konráð Eggertsson á Ísafirði hafa farið þess á leit við bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ að þau beiti sér fyrir því við sjávarútvegs- og land- búnaðarráðuneytið að bátar, sem eiga heimahöfn á Ísafirði og landa í kvíar HG, eigi sama rétt til byggðakvóta sveitarfélagsins og bátar sem landa í kvíar í Skutulsfirði. Í bréfinu til bæjarstjóra vísa þeir til fundar um byggðak- kvóta sveitarfélagsins frá því í nóvember þar sem fram kom að þeim bátum með heimahöfn á Ísafirði og veitt hafa í eldiskvíar Hraðfrystihússins - Gunnvarar hefur verið hafnað við úthlutun byggðakvótans. „Ástæðan er sögð sú að eldisfiskurinn úr kví- um HG er að lang stærstum hluta landað í Súðavík (þó einnig á Ísafirði) og ekið til vinnslu í fisk-

vinnslu HG á Ísafirði og í Hnífsdal,“ segir í bréfinu.

Bréfaritarar segja að sam- kvæmt upplýsingum frá sjávarút- vegs- og landbúnaðarráðuneyti- nu þurfi að koma beiðni frá Ísa- fjarðarbæ þess efnis að bátar sem fiska í Álftafirði og sem að mestu leiti er landað í Súðavík og fer til vinnslu á Ísafirði og Hnífsdal, eigi sama rétt og þeir bátar sem landa í kvíar í Skutulsfirði. „Þess ber einnig að geta að allur eldis- fiskur HG, nálægt 1.000 tonnnum, hefur verið unninn í landvinnslu HG á Ísafirði og Hnífsdal auk þeirrar ýsu sem komið hefur með sem meðafli við veiðarnar.“

Bæjarráð hefur óskað eftir frekari upplýsingum áður en tekin verður ákvörðun um erind- ið. Bæjarstjóra hefur verið falið að taka saman þær upplýsingar.



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um deiliskipulag, Tungu- skógur í Tungudal, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipu- lagi, Tunguskógur í Tungudal, Ísafjarðarbæ skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan tekur svæðis sem er rúmir 13,5 ha. að stærð og liggur í 25-80 m hæð. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir heimild til að byggja 6 ný sumarhús. Á sumarhúsaloð er heimild fyrir einu sumarhúsi ásamt geymsluskúr og/eða garðhúsi. Húsið skal vera einnar hæðar en jafnframt er heimilt að nýta rishæð. Á lóðum sem þegar eru byggð- ar er heimilt að stækka hús að þeim mörkum sbr. töflu á uppdrætti.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórn- sýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 23. desember 2010 til og með 20. janúar 2011. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 3. febrúar 2011. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulags- tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkrir henni.

Ísafirði 14. desember 2010.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og rekstarsviðs.

Feta brautina til afreka

Menntaskólinn á Ísafirði í samstarfi við HSV og íþróttafélög í Ísafjarðarbæ býður þeim nemendum sem iðka afreksíþróttir á vegum íþróttafélaganna tvær til þrjár morgunæfingar á viku, sem þjálfarar viðkomandi íþróttafélaga stjórna. Þjálfunin er metin til tveggja valeininga á önn til stúdentsprófs. Skólinn og íþróttafélögin gera þá kröfu að nemendur mæti á allar æfingarnar og leggi sig fram um að bæta árangur sinn í íþróttinni enda undirbúa þeir sig fyrir keppi á Íslandsmótum fyrir hönd sinna félaga. Þetta er fimmti veturinn sem nemendum MÍ gefst kostur á slíku námi.

Nokkrir nemendur á afreksbraut æfa með unglingalandsliðum eða úrtökuhópum fyrir landslið. Það eru þau Elín Jónsdóttir í alpagreinum skíða, Matthías Króknes Jóhannsson í knattspyrnu, Leó Sigurðsson í körfubolta, Jóhann Gunnar Guðbjartsson og Axel Sveinsson í handbolta og Birkir Örn Stefánsson og Sigurður Óli Rúnarsson í glímu.

Bæjarins besta fór á stúfana og ræddi við Hermann Nielsson, sviðsstjóra íþróttanna við MÍ og umsjónarmann afreksíþróttabrautar, og nokkra nemendur hennar.

„Afreksíþróttafólk gerir sér grein fyrir því að til að ná árangri í íþróttum dugir góð ástundun ekki til hámarksárangurs, það er ekki síður mikilvægt að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, borða hollan og góðan mat, tryggja sér nægjanlega hvíld og að neyta ekki vímuefna. Iðkendur afreksíþróttanna þurfa oft að farna skemmtunum og veisluhöldum sem í boði eru til að geta lagt sig alla fram á æfingum og í keppni. Nemendur í íþróttakademíu MÍ eru fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur íþróttanna sem líta upp til þeirra og sýna með fordæmi sínu að íþróttir og notkun vímuefna geta aldrei farið saman,“ segir Hermann. Hann bendir á að nemendur greiða engin æfingagjöld fyrir morgunæfingarnar og íþróttafélögin standa straum af kostnaði við þjálfunina.

„Sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum sem tengjast afreksíþróttum eru fengnir í heimsókn til að fræða nemendur um þjálfraði, næringarfræði og fleiri þætti sem skipta máli í lífi verðandi afreksíþróttafólks.“

Æfingin skapar meistarann

Bæjarins besta spjallaði stuttlega við nemendur á afreksbraut um hvað þeim finnst um námsframboðið og þann lífsstíl sem

fylgir því að vera virkur íþróttamaður.

Herdís Magnúsdóttir æfir sund og hefur gert það frá fimm ára aldri. Hún hefur verið á afreksbraut síðan hún byrjaði í menntaskóla og er þetta annað árið hennar.

„Það er mjög fínt að hafa afreksbraut svo maður geti sinnt íþróttinni með náminu. Þetta er aukaæfing og æfingin skapar meistarann. Stundum er erfitt að vakna svona snemma á morgnana en maður lætur sig bara hafa það.“

Aðspurð segist hún sammála því að tengsl séu á milli íþróttaiðkunar og minni áfengis- og vímuefnanotkun hjá jafnöldrum.

„Kannski hugsa þeir sem eru í íþróttum meira um það sem þeir setja ofan í sig.“

Herdís segist ætla að halda áfram á þessari braut eins lengi og hún getur.

„Svo kemur bara í ljós hvað verður.“

Draumurinn að verða atvinnumaður

Matthías Króknes Jóhannsson er efnilegur fótoltamaður.

„Þetta er fyrsta árið mitt í Menntaskólanum en ég ætla halda áfram á afreksbraut hvort sem það verður hér eða í öðrum skóla. Kannski fer ég suður eftir áramót. Það er fínt að geta samræmt æfingar með náminu.“

Aðspurður segist hann stefna á atvinnumennsku í knattspyrnunni.

„Ég held að það sé draumur allra fótoltamanna, annars væri maður ekkert í þessu.“

Hann segir að örugglega sé minna um áfengis- og vímuefnaneyslu meðal ungmenna sem æfa íþróttir.



Sund: Ástrós Þór Valsdóttir, Aníta Björk Jóhannsdóttir, Herdís Magnúsdóttir og Anna María Stefánsdóttir.

„Þannig er það allavega hjá okkur á afreksbrautinni, ég veit ekki til þess að neinn drekki, hvað þá að taka einhver vímuefni. Það fylgir líka félagsskapnum sem maður er í. Ef félagar manns drekka ekki eru mun minni líkur að maður geri það sjálfur.“

Stefnir á 1. deildina

Sunna Sturludóttir hefur verið að gera góða hluti í körfubolta.

„Ég er á fyrsta ári í MÍ og líkar mjög vel að vera á afreksbrautinni. Það styrkir mann pottþétt og ég finn alveg mun á mér frá því ég byrjaði. Ég stefni á að vera fjögur ár á afreksbrautinni.“

Sunna sér kosti við það að mæta eldsnemma á æfingar.

„Það er stundum erfitt að vakna en maður er hressari yfir daginn, þetta vekur mann svo vel.“

Hún segist stefna á atvinnu-mennskuna þó hún setji sér bara eitt markmið í einu.

„Ég er núna að spila með meistaraflokk sem var verið að stofna hjá KFÍ og við stefnum á að komast í 1. deild.“

Hún tekur undir með félögum sínum að íþróttalífið dragi úr vímuefnanotkun.

„Á föstudagskvöldum erum við flest að fara að spila eða á æfingu daginn eftir og maður hefur ekki tíma í að fara út og skemmta sér. Maður vill frekar fara snemma að sofa og spila betur daginn eftir. Allavega tek ég körfuboltann fram yfir það.“

Þýðir ekkert að hætta

Hákon Atli Vilhjálmsson er líka í körfunni og er ánægður á afreksbrautinni.

„Það er fínt að fá aukaæfingu og ekki verra að fá einingar fyrir

það líka. Ég stefni á að halda áfram á þessari braut.“

Hann segist ætla sjá til hvert lífið leiði hann er kemur að íþróttinni.

„Maður heldur áfram svo lengi sem það gengur vel og maður er að standa sig.“

Eins og félagar sínir tekur hann undir með því að áfengis- og önnur vímuefnanotkun sé óæskileg hjá íþróttamönnum.

„Það er almennt heilsuspillandi og þeir sem eru í íþróttum hugsa út í það.“

Salmar Már Salmarsson Hagalín er í handboltanum og æfir þar markvörslu. Hann segir að það sé gaman og fjölbreytilegt að vera á afreksbraut MÍ. Aðspurður hvert hann stefni í íþróttinni segir hann eins og margir félagar hans á brautinni að það sé ekkert nema atvinnumennskan.



Íþróttafélagið Ívar: Ragney Líf Stefánsdóttir, Elma Guðmundsdóttir, Kristín Þorsteinsdóttir, Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir og Guðjón Hraunberg Björnsson. Á myndina vantar Emilíu Arnþórsdóttur.



Handbolti: Ingvar Ákason Gunnar Guðbjartsson, H. Guðmundsson og Stefán Garð

„Það þýðir ekkert annað fyrst maður er kominn þetta langt, þá þýðir ekkert að hætta.“

Aðspurður um áhrif íþróttaiðkunar á það að krakkar haldist fremur frá neyslu óhollra efna tekur hann undir það.

„Ég stend keikur og læt ekki bugast í nein áfengis- eða eiturlyfjamál.“

Birkir Örn Stefánsson er glímukappi. Hann kann einnig vel við sig á afreksbrautinni en þar er hann á fyrsta ári. Hann viðurkennir þó að stundum sé svolítið erfitt að vakna á morgnana. Hann segist ekki vera viss hver framtíð sín sé í íþróttinni.

„Ég ætla bara að sjá til hvert það leiðir mig.“

Eflir mann í íþróttinni

Elín Jónsdóttir æfir alpagreinar í skíðum.

„Þetta er þriðja árið sem ég er á afreksbraut en ég hef æft skíði síðan ég var sex ára. Það skilaði sínum árangri að vera á afreksbrautinni síðasta vetur en hann gekk mjög vel hjá mér. Það er gott að fá aukaæfingu til að efla mann í íþróttinni.“

Elín er komin í æfingahóp hjá landsliðinu og fór út til Noregs í

tveggja vikna æfingaferð í haust. Hún fór svo til Austurríkis í október og er nú með landsliðinu í Noregi við æfingar.

„Markmiðið er að vinna sér fast sæti í landsliðshópi.“

Eins og félagar hennar segist hún hafa orðið vör við að þeir sem eru í íþróttum neyti minna af áfengi og annarri óhollustu.

„Það fer reyndar mikið eftir því hvert maður stefnir. Sumum finnst það ekki skipta svo miklu máli hvað maður geri í lífinu fyrir utan æfingarnar en mér persónulega finnst það skipta miklu máli og held að það skili þeim árangri sem ég hef verið að ná upp á síðkastið.“

Elma Guðmundsdóttir æfir sund og þetta er þriðja árið hennar á afreksbraut. Hún segist líka það afar vel að vera á brautinni. Hún er sammála samnemendum sínum að íþróttaiðkun leiði til þess að ungmenni hugsi frekar um heilsuna.

Aðspurð hver markmið hennar eru í íþróttinni segir hún ekki vera með nein stór plön.

„Markmið mín eru að halda áfram að bæta tímann minn og persónuleg met.“

Elma hefur æft sund í áratug.
– thelma@bb.is



Glíman: Sigurður Óli Rúnarsson, Birkir Örn Stefánsson, Hákon Óli Sigurðsson, Jóhann Friðriksson, Ísleifur Muggur Jónsson og Hermann Níelsson þjálfari.



Fótbolti: Ólafur Atli Einarsson, Tómas Helgi Svavarsson, Aron Guðmundsson, Viðar Páll Júlíusson, Jón Hálfðán Pétursson þjálfari, Róbert Karl Boulter, Hinrik Elís Jónsson, Matthías Króknes Jóhannsson og Axel Sveinsson. Á myndina vantar Þorgeir Jónsson, Ásgeir Hinrik Gíslason og Kristján Andra Jónsson.



Skíði: Kristján Gunnar Flosason þjálfari, Ebba Kristín Guðmundsdóttir, Gauti Geirsson og Elín Jónsdóttir.



n, Salmar Már Salmarsson Hagalín, Vagn Smelt, Jóhann ákon Elí Ólafsson, Baldur Geir Gunnarsson, Einar Bragi ía Diego. Á myndina vantar Hallberg Brynjar Guðmundsson.



Körfubolti: Hermann Óskar Hermannsson, Jón Kristinn Sævarsson, Sævar Þór Vignisson, Hákon Atli Vilhjálmsson, Gautur Guðjónsson, Andri Einarsson, Sigmundur Helgason, BJ Aldridge þjálfari. Marelle Maekaelle, Vera Óðinsdóttir, Guðlaug Sigurðardóttir og Sunna Sturludóttir. Á myndina vantar Guðna Pál Guðnason og Leó Sigurðsson.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Grænagarði • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kampi ehf., rækjuvinnsla
Sindragötu 11 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



BB Endurskoðun ehf.
Bókshalds- og endurskoðunarstofa

Pölgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ametyst
hár- og förðunarstofa

Hafnarstræti 8 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmiðjan Pristur ehf.

Sindragötu 8 • Ísafirði

PRISTUR ORMSSON

Hafnarstræti 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



PÓLLINN EHF.

Pölgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kómedíuleikhúsið

Túngötu 17 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.

v / Hnífsdalsbryggju

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmiðja Ísafjarðar

Mjósundi 1 • 400 Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

BÍLAVERIÐ ehf

Sundurögötu 14 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarbúðin

Hafnarhúsinu • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SMÍ 455 3164

Útgjöld hækka í Bolungarvík

Útgjöld vegna félagsþjónustu hækka talsvert á komandi ári í Bolungarvík eða í 33 milljónir króna úr 27 milljónum ef miðað er við áætlun ársins 2010. Hækkunin stafar m.a. af aukinni félagslegri aðstoð og liðveislu.

„Styrkur að upphæð tvær milljónir króna vegna sérverkefnis sem er að ljúka og átti að vera til greiðslu á árinu 2010 hefur ekki verið greiddur ennþá, en vænta má að hann verði greiddur á árinu 2011. Ekki hefur verið gert ráð fyrir styrknum í fjárhagsáætlun,“ segir í stefnuræðu Elíasar Jónatanssonar bæjarstjóra Bolungarvíkur í stefnuræðu með frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lögð var fram til fyrri umræðu á dögnum.

Eins og kunnugt er fer yfirfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga fram um næstu áramót og verður eitt byggðasamlag fyrir Vestfirði. Verkefni Svæðisskrifstofu málafna fatlaðra á Vestfjörðum mun flytjast til fjögurra félagsþjónustusvæða samkvæmt þjónustusamningi við Byggðasamlag Vestfjarða.

Samkvæmt samningnum mun



Bolungarvík.

Ísafjarðarbær sinna sumum verkefnanna fyrir öll svæðin, en önnur verkefni mun hvert og eitt félagsþjónustusvæði sjá um fyrir sína íbúa. Ísafjarðarbær tekur þannig við verkefnum Svæðisskrifstofu hvað varðar: Skammtíma vistun (tímabundin – en oftast regluleg – dvöl fyrir börn/fullorðna sem eru mikið fötluð, ætluð sem hvíld fyrir fjölskyldur og þá sem eru fatlaðir). Hæfingarstöðina Hvestu,

geðræktarmiðstöðina og starfsendurhæfinguna Vesturafl.

Eitt þjónustusvæðanna er Félagsþjónustan við Djúp, sem er samvinnuvettvangur Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps. Þau verkefni sem Félagsþjónustan við Djúp tekur við eru: Frekari liðveisla, sem er margháttuð persónuleg aðstoð í daglegu lífi fyrir 18 ára og eldri, og stuðningsfjölskyldur, sem taka

fatlað barn í umsjá sína í skammán tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins.

Ráðgjöf (til fatlaðra og aðstandenda, bæði vegna barna og fullorðinna, ráðgjöf um fatlanir, ráðgjöf um réttindi, aðstoð við samskipti við aðrar stofnanir, mat á þörf á þjónustu ofl.) Félagsmálastjóri verður í „Verkefnahópi um málefni fatlaðra“, en í honum sitja félagsmálastjórar fé-

lagsþjónustusvæðanna ásamt verkefnastjóra Byggðasamlagsins. Bolungarvíkurkaupstaður hefur á að skipa góðu starfsfólki sem hefur bæði þekkingu og reynslu til að takast á við þau verkefni sem fylgja tilflutningi á þjónustu við fatlaða til sveitarfélagsins. Fólk sem einnig er fullt af áhuga að takast á við ný verkefni.

– thelma@bb.is



Gleðilega hátíð

Íslandsbanki

Við óskum Ísfirðingum gleðilegrar hátíðar og gæfuríks komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.



Átta ofbeldisbrot gagnvart lögreglumönnum árið 2008

Átta ofbeldisbrot gagnvart lögreglumönnum voru skráð á Vestfjörðum árið 2008. Þá var lögreglumönnum hótáð í umdæminu í fimm tilvikum. Eitt slíkt brot var skráð í fyrra og þrjú árið 2007. Þetta kemur fram í skýrslu ríkislögreglustjóra. Einnig var mest um að fyrirmælum lögreglu væri ekki hlýtt árið 2008 eða sjö sinnum. Í fyrra var skráð tvö tilfelli þar sem fyrirmælum var ekki hlýtt og fjögur árið 2007. Ef litið er á landið í heild eru langflest brotin skráð á höfuðborgarsvæðinu, flest voru þau 65% árið 2009 en 51% árið 2008 en þá fjölgaði

þeim verulega á Suðurnesjum og voru 19% af heildarfjölda ofbeldisbrota gagnvart lögreglu það árið.

Almennt séð eru álíka mörg brot á hverju ári hjá lögregluembættum og lítil breyting. Helst var það á Suðurnesjum árið 2008 þegar þeim fjölgaði tímabundið verulega sama ár og á Vestfjörðum. 11 embætti af 15 skráðu 0–2 ofbeldisbrot árið 2009.

Flest ofbeldisbrotin síðastliðin ár eru framin á sumrin líkt og fram kemur í rannsókn ríkislögreglustjóra á ofbeldi gegn lögreglumönnum, sem gefin var út árið 2007. Frá byrjun júní til loka

ágúst eru að jafnaði 30–40% allra ofbeldisbrota gagnvart lögreglunni skráð. Flest voru þau sumarið 2008 eða um 40%. Mótmæli borgara í tengslum við efnahagshrunið voru hvað mest frá október 2008 til janúar 2009. Þegar þetta tímabil er skoðað kemur í ljós að skráð ofbeldisbrot voru ekki fleiri en alla jafna eru á þessu tímabili í hefðbundnu árferði. Þess má geta að fleiri ofbeldisbrot gegn lögreglunni voru skráð frá október 2007 til janúar 2008 sam- anborið við tímabilið í kjölfar efnahagshrunsins. Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni var

bætt inn sem skilgreiningu í málaskrá lögreglunnar árið 2006, sem skýrir að miklu leyti hversu fáar hótanir voru árið 2006.

Það er mat ríkislögreglustjóra að lögreglan sé komin að þolmörkum hvað varðar heildarstarfsmannafjölda miðað við núverandi skipulag. „Frekari fækkun lögreglumanna er líkleg til að draga úr öryggi lögreglumanna þar sem lögreglustjórar munu þurfa að fækka á vöktum og láta lögreglumenn starfa eina fremur en með félaga. Mikilvægt er að lögreglustjórar leggi faglegt mat á öryggi lögreglumanna og geri

viðeigandi ráðstafanir. Sjái þeir að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu vegna manneklu eða skorts á búnaði bregðist þeir við og upplýsi ríkislögreglustjóra um stöðu mála. Það sem mestu máli skiptir varðandi öryggismál lögreglumanna er að halda áfram uppbyggingu búnaðar til að mæta óeirðum og hyggja enn frekar að þjálfunarmálum lögreglumanna.“

Priðjungur af sérúthlutun fer í byggðakvóta

Um priðjungur af sérstakri úthlutun aflamarks fer í byggðakvóta en langstærsti hlutinn fer til rækju- og skelfiskskipa. Þetta kemur fram á vef Fiskistofu en þetta er í fyrsta sinn sem stofnunin birtir sérstaklega tölur um sérúthlutun. Á yfirstandandi fiskveiðiári verður 1.868 tonnum úthlutað sérstaklega af þorski og þar af fara 521 tonn í byggðakvóta eða 28% og 1.298 tonn renna í skel- rækjubætur eða um 70%. Sérúthlutun í ýsu verður 657 tonn og þar af fara 35% eða 228 tonn í byggðakvóta og 405 tonn eða 70% í skel- og rækjubætur.

Samtals verða 150 tonnum úthlutað sérstaklega af steinbítskvóta og þar af fara 46 tonn eða 31% í byggðakvóta og 104 tonn fara í skel- og rækjubætur. Úthlutað verður 187 tonnum af ufsa í byggðakvóta á þessu fiskveiðiári en sérúthlutun verður 593 tonn.

Gleðileg jól!

Stakkur skrifar

Jólin eru hátíð kristinna manna um allan heim. Enn er mikill meirihluti Íslendinga kristinn og menningararfleifið þjóðarinnar er byggð á kristnum grunni. Smám saman eru áhrif annarra trúarbragða að verða ljósari. En þau eru í miklum minnihluta á Íslandi. Þó er sótt að kristnum siðum og kristinni trú í höfuðborg Íslands, Reykjavík. Þar hefur stjórn borgarinnar undir forystu Jóns Gnarrs Kristinssonar og Besta flokksins með eindregnum stuðningi Samfylkingarfulltrúa ákveðið að vísa prestum á dyr í grunnskólum Reykjavíkur að ósk örlítils hóps sem horn hefur í siðu kristinnar trúar. Þó er staðreynd að það frelsi sem Íslendingar búa við og tryggt er með lögum, að ógleymdri Stjórnarskránni, er byggt á kristinni siðfræði að stórum hluta. Auðvitað ættu foreldrar barna að hafa mest um það að segja hvort þau hljóti trúarbragðarfræðslu og þá með hverjum hætti.

Í umræðunni nú gleymdist að líta til vilja barna og foreldra þeirra. Það hefur áður gerst að örlítil minnihlutahópur fékk því til leiðar komið að ákveðin fæðutegund sem mjög margir Íslendingar tengja jólahaldi að danskri fyrirmynd var tekinn af matseðli í grunnskóla í Reykjavík.

Kristinn trú og kristið siðgæði boðar umburðarlyndi og mætti svo sem velja því fyrir sér hvernig það góða hugtak skal túlkað. En hollt er að hafa í huga að frelsi fylgir ábyrgð á hverju sviði sem menn geta hugsað sér. Frelsi eins má ekki skaða annan. Því virðast

margir trúarflokkar hafa gleymt. Það er jafnvel svo að hatrömm atök eiga sér stað í nafni guðs. Kristnir trúarhópar eru gjarnan á öndverðum meiði um ýmsa þætti, einkum túlkun hinnar helgu bókar Biblíunnar. Af henni má margt læra, en samt virðist ekki til mikils gagns að taka allt sem þar er sagt bókstaflega. Það hefur leitt til þess að margir velja að túlka mjög þröngt og á íhaldsaman hátt það sem fram kemur í Biblíunni. Það er miður því þar má afar margt læra um mannlega hegðun, sem er eitt þeirra viðfangsefna sem mannkyni gengur enn hvað verst að fást við.

Önnur trúarbrögð sækja að kristinni hugsun með ýmsum hætti. Rétttrúnaður eða ein rétt trú er hugmynd sem brýtur í bága við þá skoðun að allir eigi rétt á því að aðhyllast þau trúarbrögð sem þeim hugnast, að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að aðrir séu ekki skaðaðir.

Öllum er gott að muna þegar kemur að jólum og jólahaldi að þar er í fyrirrúmi gleði og fögnuður yfir fæðingu Jesú, sem vissulega hefur haft mikilvæg og góð áhrif í heiminum. Aldrei má gleyma að hann boðaði trú og von. Öllu fólki er sameiginlegt að óska sér og sínum alls hins besta í lífinu. Það skulum við öll gera og muna að virðing fyrir öðru fólki er mikilvæg, líkt og virðing fólks fyrir sjálfu sér er undirstaða hins fyrra.

Með hið besta úr kristinni trú í huga er öllum lesendum og Íslendingum send ósk um gleðileg jól. Megið þið njóta hátíðarinnar.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Leigist ódýrt. Upplýsingar í síma 846 7490.

Mikilvægt að tryggja réttindi fatlaðs fólks

Mikilvægt er að tryggja að löggjöf sem fjallar um málefni fatlaðs fólks og réttindi þess sé tekið mið af réttarþótum í löggjöf nágrannaríkja, að mannréttindi séu tryggð, að samráð sé haft við fatlað fólk og að löggjöf sé til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þetta kemur fram í nefndaráliti félags- og tryggingamála-nefndar með frumvarpi þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um málefni fatlaðra til að tryggja yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Segir nefndin að slíkt sé ekki að fullu tryggt í gildandi lögum. Í frumvarpinu er þó kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum fyrrgreindum samningi Sameinuðu þjóðanna. Þá er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnu-

mörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks. Fagnar nefndin þessu sem og því að til standi að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Þá áréttar nefndin að sú skylda sem lögð er á stjórnvöld í 1. grein frumvarpsins um að tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks á við um alla þá þætti sem frumvarpið og lög um málefni fatlaðs fólks kveða á um. Til að bryna mikilvægi þessa samráðs leggur nefndin til að samráðsákvæði verði bætt við frumvarpið þar sem kveðið er á um stefnumótun og gerð þjónustu- og gæðaviðmiða. Nefndin bendir þó jafnframt á að samráðsskyldan er þar með ekki tæmandi talin og á hún í samræmi við 1. grein frumvarpsins ávallt við þegar mótuð er stefna eða ákvarðanir teknar er varða málefni fatlaðs fólks.



Frumvarpið byggist að mestu leyti á vinnu verkefnisstjórnar um yfirfærsluna og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónusta við fatlaða sem undirritað var 23. nóvember. Meginmarkmið yfirfærslunnar er að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúa sveitarfélaganna og stuðla þannig að heildstæðari og um leið bættri þjónustu við einstaklingana sem þurfa á þjónustunni að halda. Helstu breytingar í frumvarpinu eru þær að fatlaðir einstaklingar

sækja nú um þjónustu hjá því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Þar munu fagteymi meta með samræmdum hætti þjónustubörf einstaklinga sem þurfa á þjónustu að halda. Sveitarfélög skulu starfrækja teymin en lagt er til að þau sameinist um þau. Landinu á að skipta upp í þjónustusvæði þannig að á hverju þeirra búi að lágmarki 8.000 íbúar en undanþága er veitt vegna landfræðilegrar legu einstakra sveitarfélaga. Búið er að skipuleggja 14 þjónustusvæði.

Lagt er til að svæðisskrifstofur og svæðisráð í málefnum fatlaðra verði lögð niður. Jafnframt verði trúnaðarmenn skipaðir af ráðherra en ekki svæðisráðum líkt og gildandi lög kveða á um. Auk þess er lagt til að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður og fjármunir hans færast í sérstaka deild hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem sjái um að jafna framlögum til sveitarfélaga í samræmi við kostnað af þjónustu. Skýrt verður kveðið á um bann við því að ráða fólk til starfa sem hlotið hefur refsisdóma vegna brota á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga. Þá er lagt til að notendastýrð persónuleg aðstoð verði lögfest sem samstarfsverkefni og hún verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk 2014 en þá skal fara fram sameiginlegt endurmat ríkis og sveitarfélaga á yfirfærslunni auk þess sem þá skal ljúka heildarendurskoðun laganna.

– thelma@bb.is



JÓLAGJAFIR

Á LÆGRA VERÐI

SÉRTILBOÐ

7.990,-
~~12.990,-~~

Dúnúlpá
Herra/dömu, ekta andardúnn.
5869816-34

2.595,-

Höggborvél
Power Plus, 580W
0-2800 sn/mín
13mm flýtipatróna
5245308

9.990,-

Kenwood matvinnsluvél
450W, með blandara
1840473

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR


Afslátturinn gildir af öllum jólaskrauti en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



HÚSASMÍÐJAN

Krossgáta *Cafe Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Verðlauna-krossgáta

Veitingahúsið Cafe Catalina að Hamraborg 11 í Kópavogi hefur ákveðið að veita fimm verðlaun fyrir jólakrossgátuna í þessu blaði. Verðlaunin eru gjafabréf sem gilda fyrir máltíð fyrir tvo að eigin vali af hinum fjölbreytta matseðli Cafe Catalina.

Réttar lausnir krossgátunnar sendist fyrir 30. desember til Bæjarins besta, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, merkt: krossgáta. Ath! Senda þarf alla krossgátuna ásamt þeim upplýsingum sem beðið er um fyrir neðan gátuna.

Nöfn vinningshafa verða birt fljótlega eftir áramót í BB. Líklegt er að fleiri krossgátur Cafe Catalina á nýju ári, verði verðlauna-krossgátur og verður það kynnt síðar. Góða skemmtun!



Félagsheimili Bolvíkinga fullbakað. Mynd: bolungarvik.

Félagsheimilið endurgert úr piparkökum

Bolvíkingar eru orðnir langeygðir eftir að fá að fylla félagsheimilið Víkurbæ lífi á ný en endurbætur hafa staðið yfir á húsinu undanfarnir tvö ár. „Bolvíski draumurinn er að sjá húsið iða af menningu árið um kring,“ segir á Bolungarvíkurvefnum. Sumir Bolvíkingar eru þó óþolinmóðari en aðrir eftir því að komast í húsið. Hjónin Linda Harðar og Finnbjörn Birgisson tóku sig því til og byggðu sitt félagsheimili frá grunni og tók það aðeins eina helgi.

„Þetta er fjölnota hús, ekki nóg með að það sé augnayndi heldur er það líka gott undir tönn. Það stendur því líklega heima að þegar komin er tími til að leggja sér það til munns þá geta Bolvíkingar fengið að líta Félagsheimilið við Aðalstræti augum fullbúið,“ segir á bolungarvik.is. Tekið skal fram að hús Lindu og Finnbjörns er í réttum hlutföllum og líkan að Félagsheimilinu eins og það var í upphafi.

– thelma@bb.is

Samþykkja lengingu grjótgarðs

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að erindi siglingaklúbbsins Sæfara, þar sem óskað er eftir leyfi til að lengja núverandi grjótgarð að Suðurtanga 2 á Ísafirði um ca. 5 metra, verði samþykkt. Nefndin hafði áður sent hafnarstjórn erindið til umsagnar sem gerði ekki athugasemdir við að garðurinn verði lengdur, að því gefnu að lengingin nái ekki út fyrir línu dregna samsíða stefnu Ásgeirsbakka miðað við innra horn þekju.

Sömuleiðis taldi stjórnin mikilvægt að framkvæmdin nái ekki þannig að dráttarbraut, að aðkoma að henni skerðist. Hafnarstjórn óskaði jafnframt eftir því að samráð verði haft við stjórnendur Bygðasafns Vestfjarða, er varðar aðgæslu við dráttarbraut. Umhverfisnefnd lagði til að erindið yrði samþykkt með fyrirvörum hafnarstjórnar, enda skapist Sæfara engin eignarréttur af framkvæmdinni.

– thelma@bb.is

Nafn sendanda:
Heimilisfang:
Póstnúmer og staður:
Sími:

Leyndarmálsdrykkur og Þórhildarhleifur

„Þrátt fyrir að blaðið komi út á Þorláksmessu langar mig að deila með ykkur uppskrift af hinum vinsæla drykk My secret og hægt er að lesa nánar um hann á síðunni mysecret.is. Hér er líka hollustubrauð sem ég kalla Þórhildarhleif og kjúkl-ingaréttur.“

My secret –engiferdrykkur
150 g engifer – skorið í þunnar sneiðar
3 msk límónu-/sitrónusafi
2 msk agave siróp
2 greinar myntulauf
1,5L vatn

Allt sett í pott og láta suðuna koma upp. Látið kólna í pottin-

um í 2 klst. Sigið, setjið safann á flösku og kælið. Ráðlagt er að drekka 250 ml á dag.

Þórhildarhleifur
1dl haframjöl
1 dl graskersfræ
6-7 stk döðlur
4 dl spelt (fint)
½ tsk salt
½ tsk kúmen
1 dl kúmen (sleppti)
1 dl hörfræ
1 msk vínsteinslyftiduft
2 ½ dl vatn
1 msk sitrónusafi
2 msk hunang
2 msk olía

Blandið þurrefnum saman.

Hrærið vandlega saman með skeið. Bakið við 180° ca. í 35 mín.

Kjúklingabringur – fylltar
4 kjúklingabringur
20g rautt pestó úr sólþurrk-uðum tómötum
250 g rjómaostur m sólþurrk-uðum tómötum
4 sólþurrkaðir tómatar
Nokkrar svartar ólífur saxaðar
Salt og grófmalaður pipar
Örlítil mjólk

Fletjið/berjið kjúklingabring-urnar aðeins út með buffhamri. Maukið tómatestóið og látið marinerast í um 30 mín. Setjið þá 1 msk af rjómaosti á miðju



hverrar bringu og 1 sólþurrkaðan tómatar og ólífur. Lokið bringunni og festið með tannstöngli. Raðið síðan bringunum upprúlluðum í eldfast mót, stráið salti og pipar yfir og bakið við 180° í um 40 mín. Búið til sósuna rétt áður en elduninni lýkur.

Takið afganginn af rjómaostin-um og hitið varlega í potti eða örbylgjuofni. Þynnið sósuna með örlítilli mjólk. Berið fram með

fersku salati, risottó eða soðn-um hrísgrjónum.

Ég skora á Rögnu Arnalds-dóttur á Ísafirði. Ragna er frá-bær kokkur og sér um að elda hádegismat handa okkur í Landsbankanum, allt sem hún gerir er bæði gott og glæsilega framborið. Maturinn hennar er eitt af fjölmörgu sem ég mun sakna héðan frá Ísafirði.

Tilkynningum til barnaverndar-yfirvalda á Vestfjörðum fjölgar

Tilkynningum til barnavernd-aryfirvalda á norðanverðum Vestfjörðum fjölgaði töluvert fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Einnig fjölgaði tilkynningum í Vesturbyggð og á Tálknafirði á tímabilinu en þó ekki eins mikið. Frá ársbyrjun og fram í nóvember bárust barna-verndarnefnd 142 tilkynningar vegna 116 barna en tilkynning-arnar voru 99 vegna 95 barna á

sama tímabili í fyrra. Tilkynn-ingarnar eru 2% af öllum tilkynn-ingum sem bárust á landinu í ár. Í Vesturbyggð og á Tálknafirði bárust 15 tilkynningar vegna 14 barna en þær voru 11 á sama tíma í fyrra. Er það 0,2% af tilkynn-ingum á landsvísu. Þetta kemur fram í samantekt Barnaverndar-stofu.

Ef litið er á landið í heild fjölgaði tilkynningum til barnavernd-

arnefnda um rúmlega 1% fyrstu níu mánuði ársins 2010 saman-borið við fyrstu níu mánuði ársins 2009. Þetta er minni fjölgun en var í samanburði fyrstu þrjá mán-uði og fyrstu sex mánuði árána 2009 og 2010, en fjölgunin þá var um 3%. Nokkur munur er eftir landsvæðum, en í þessum samanburði kemur fram að tilkynningum fækkaði um tæplega 2% á höfuðborgarsvæðinu, en fjölgunina á landsbyggðinni var tæplega 7%.

Flestar tilkynningar voru vegna

áhættu hegðunar barna eða 47,1% tilkynninga fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 46,3% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Alls voru 31,3% tilkynninga vegna van-rækslu fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 35,2% fyrstu níu mán-uði ársins 2009. Hlutfall tilkynn-inga um ofbeldi var 21,1% fyrstu níu mánuði ársins 2010, en 18,0% fyrstu níu mánuði ársins 2009. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædd barns var stefnt í hættu var 0,5% fyrstu níu mánuði ársins 2010,

en 0,4% fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu níu mánuði ársins 2010 var 5.773 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2009 var 5.720 börn. Tilkynnt var því um tæplega 1,0% fleiri börn fyrstu níu mánuði ársins 2010 en fyrstu níu mánuði ársins 2009. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjöl-far tilkynningar.



Tilkynningar bárust til barnaverndarnefndar á norðanverð-um Vestfjörðum vegna 116 barna á fyrstu níu mánuðum ársins.

230 milljónir í fræðslumál

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla í Bolungarvík á næsta ári verði alls 230,6 milljónir króna en tekjur verði 26,4 milljónir króna. Af skatttekjum fara því í fræðslumál 204 milljónir kr. sem skiptast þannig að Grunn-skólinn fær til sín 152,5 milljónir eða 75%, Leikskólinn 18% eða 37 milljónir kr.og Tónlistarskólinn 7% eða 13,3 milljónir kr. Þetta kemur fram í stefnuræðu bæjarstjóra Bolungarvíkur, Elíasar Jónatanssonar, með frumvarpi að fjárhagsáætlun.



Þessi föngulegi hópur hjálpaði mér að smala í haust. Ég sendi þeim öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár. Flest af þessu fólki er búið að koma í leitir í mörg haust. Bestu kveðjur til ykkar allra. Ragna á Laugabólí.

Meiri jól, meiri jól



Komdu við í Pólnum, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði og nældu þér í flottan síma fyrir jólin.



Partý Alias
spilið fylgir á
meðan birgðir
endast

Staðgreitt:

29.990 kr.

Netið í símann, 100 MB,
fylgir með í 1 mánuð.

Nokia X3



Partý Alias
spilið fylgir á
meðan birgðir
endast

Staðgreitt:

29.990 kr.

Netið í símann, 100 MB,
fylgir með í 1 mánuð.

Nokia 5230

power to you

vodafone.is

